



Gestir á Secret Solstice skemmtu sér konunglega um helgina þrátt fyrir rigningu og harða gagnrýni íbúa í Laugardalnum. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞÓRSTEINN

Fréttablaðið í dag

SKOÐUN Konur berjast enn fyrir viðurkenningu á sérfræðipekkingu sinni, skrifar Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður BSRB. **8**

LÍFÍÐ Súperstjarna Breiðhóltsins með sitt lag. **22**

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK
● FASTEIGNIR

*Samkvæmt prentmiðlökunum Gallup apríl-júní 2015



Allir til í slaginn gegn Króatiu

FÓTBOLTI Emil Hallfreðsson, sem þurfti að setta sig við að sitja á varmannabekknunum er íslenska landsliðið laut í lægra haldi fyrir Nígíeríu á HM, ræddi í gær um vonbrigðin á blaðamannafundi.

Kári Arnason segir leikmenn íslenska liðsins gera sér grein fyrir styrkleika kroatíska liðsins sem þeir mæta á morgun. Hann hafði þó fulla trú á verkefnum.

– íþs / sjá síður 12, 14 og 15



Sextíu milljóna gróði á svindli

DÓMSMÁL Talið er að þremmingarnir, sem grunaðir eru um að hafa nýtt innherjaupplýsingar í viðskiptum með hlutabréf í Ícelandair, hafi gagnast um rúmlega 61 milljón króna með gjörningnum. Brotin eiga að hafa átt sér stað frá október 2015 til febrúar 2017.

Þrjú menn á fimmtugsaldri eru ákærðir. Einn þeirra er fyrrverandi forstöðumaður leiðakerfisstjórnunar Ícelandair en hann hafði stöðu fruminnherja hjá félaginu. Málið verður pingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur 28. júní.

– jõe / sjá síðu 4

Þaðu tilboð aldarinnar

Landhelgisgæslan telur sig hafa gengið að „tilboði aldarinnar“ með því að taka við tveimur þyrlum leigusala síns. Verkalýðsfélag í Noregi séu á bak við erfiða stöðu þyrlanna. Bandarísk fyrirtæki stefndu Airbus vegna galla í þyrlunum.

STJÓRNSÝSLA „Þetta tilboð er náttúrulega tilboð aldarinnar,“ segir tæknistjóra Landhelgisgæslunnar í pósti til yfirmanna sinna vegna tilboðs um að skipta út tveimur þyrlum fyrir aðrar nýrri á sama leiguverði.

Eins og komið hefur fram í Fréttablaðinu þáði Landhelgisgæslan boð leigusalans Knut Axel Uglund Holding AS (KAUH) í Noregi um að fá tvær Super Puma H225 þyrlur í staðinn fyrir eldri þyrlur. H225 eru umdeildar eftir tvö mannskæð slys, annars vegar í Skotlandi 2009 og í Noregi 2016.

Ljóst er af samskiptum fulltrúa Landhelgisgæslunnar og starfsmanna KAUH að leigufyrirtækið og Airbus, framleiðandi vélanna, þrýstu á að koma þyrlunum sem voru verkefnalausar í Noregi til Íslands. Höskuldur Ólafsson tæknistjóri fékk samt frá Öyvind Óðegard hjá KAUH 26. apríl um tvær H225 þyrlur af árgerð 2010 sem Landhelgisgæslunni stæði til boða að fá í skiptum fyrir þyrlurnar TF-SYN og TF-GNÁ á sama verði og gildi um eldri vélarnar.

„Nú fékk ég samt frá Öyvind í morgun þar sem hann bætti um betur og tilkynnti mér að Airbus séu tilbúnir að láta okkur fá alla þjálfn bæði á flugmenn og flugvirkja fritt,“ rekur Höskuldur í tölvupósti 27. apríl til Georgs Lárussonar

Á bak við þetta standa fyrst og fremst verkalýðsfélag olu-verkamanna en ekki fagaðilar í flugheiminum.

Georg Lárusson, forstjóri Landhelgisgæslunnar



forstjóra og fleiri hjá Landhelgisgæslunni. Pósturinn er meðal gagna sem Landhelgisgæslan sendi Fréttablaðinu.

Fimm dögum síðar sendi Georg dómsmálaráðuneytinu minnisblað. Þar vikur hann að umræðunni um öryggi H225 í kjölfar slyssins í Noregi 2016. Segir hann Airbus hafa brugðist við galla í girrkassa með endurbótum og að flugmálafyrirvöld í Bandaríkjunum og ESB hafi afleitt flugbann. Það hafi einnig Bretar og Norðmenn síðan gert í júlí fyrra.

„Þrátt fyrir miklar endurbætur á þessari þyrlutegund eftir slysið og þá staðreynd að öllum lofhæfita mörkunum hefur verið afleitt, hefur olíuviðnaðurinn í Noregi og Bret-

landi ekki viljað taka vélar þessarar tegundar aftur í notkun,“ segir forstjórinn. Af þessum sökum hafi þessar þyrlur átt erftit uppráttar í Bretlandi og Noregi.

„Á bak við þetta standa fyrst og fremst verkalýðsfélag oluverkamanna en ekki fagaðilar í flugheiminum. Vélarnar eru áfram notaðar af ýmsum aðilum til leitar og björgunar og í hernaði,“ segir í minnisblaðinu. Landhelgisgæslan telji verulegan ávinning felast í því að taka tilboði KAUH og óski eftir afstöðu dómsmálaráðuneytisins – sem gaf grænt ljós á viðskiptin.

Rannsókn flugslysaneftdar í Noregi á slysinu 2016 er ekki lokið en búist er við niðurstöðum í júlí. Þótt það komi ekki fram í minnisblaði forstjórans eru fleiri en Norðmenn og Bretar og verkalýðsfélag sem enn vantreysta H225. Fréttablaðið sagði þannig frá því í síðustu viku að þyrlufyrirtækið ERA Group í Bandaríkjunum, sem þjónustar olubor-palla, hefur ekki notað sínar nju H225 þyrlur frá því að slysið varð og fært verðmæti þeirra niður um 80 prósent í bókum sínum.

ERA stefndi Airbus vegna galla í H225 og krafðist bóta. Wells Fargo bankinn, sem á þyrlufyrirtæki, og félagið ECN Capital höfðuðu samskonar mál gegn Airbus sem hafnaði öllum kröfum. – gar



Veður



Gul veðurviðvörðun er í gildi fyrir allt austanvert landið. Vestan og suðvestan hvassviðri eða stormur um landið austanvert seint í nótt, en 10-15 m/s um landið vestanvert. Viða skúrir. **SJÁ SÍÐU 18**



Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Vilja finna Hauk

UTANRÍKISMÁL. „Það hefur legið fyrir frá fyrstu minútu að við viljum finna Hauk og þess vegna erum við að fara að funda um þetta,“ sagði Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra í samtali við Fréttablaðið.

Utanríkisráðherra ætla að ræða mál Hauks Hilmarssonar við efnahagsráðherra Tyrkland, Nihat Zeybekci, í dag. RÚV greindi frá. Zeybekci er staddur á Íslandi til að undirrita uppfærðan fríværslusamning við aðildarríki EFTA.

„Einnig munum við ræða almennt um mannréttindamál í Tyrklandi, sem er mikilvægt, og önnur tvíhliða samskipti þjóðanna,“ segir Guðlaugur við Fréttablaðið.

Aðgerðahópurinn „Hvar er Haukur?“ vakti athygli á hvarfi Hauks 17. júní síðastliðinn, þegar hópurinn dró tyrkneska fánann að hún á Stjórnarráðinu. –tg

Það hefur legið fyrir frá fyrstu minútu að við viljum finna Hauk og þess vegna erum við að fara að funda um þetta.

Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra

Nei eða já



Íslensku landsliðsmennirnir segjast hafa fulla trú á því að liðinu takist að leggja feiknasterka Króata að velli í lokaleik sínum í riðlakeppni HM í Rússlandi á morgun. Örlög liðsins eru þó einnig í höndum liða Argentínu og Nígeríu sem etja kappi á sama tíma. Hvernig sem allt veltur gengur Rúrik Gíslason frá borði með yfir eina milljón fylgjenda á Instagram eftir að hafa slegið rækilega í gegn um víða veröld. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Vegagerðin varar við vindi

VEÐUR Vegagerðin segir fulla ástæðu til að hafa varann á vegna vinds framan af deginum í dag. Gul stormviðvörðun er í gildi á eystrí hluta landsins.

Einnig segir að sandfok verði á Mývatns- og Möðrudalsöræfum í fyrramálið og fram yfir miðjan dag. Þá verður stormur og varasamir byljir norðaustan- og austanlands fram eftir degi. „Sérstaklega er varað við streng í VNV-áttinni á Vatnsskarði eystra,“ segir Vegagerðin.

Ekkert ferðaveður er um austanvert land fyrir bíla sem taka á sig mikinn vind. Fólk er beðið um að huga að lausum munum og sýna varkæmi, en tjöld, garðhúsgögn og trampólín geta fokið. Einnig má búast við sandfoki. Þessu veldur litill lægð sem fer allhratt yfir landið, veðurspá getur því breyst hratt og mikilvægt að fylgjast með veðurspám. –tg

Fyrstu tvö árin liðu hratt að sögn forsetans

Í dag eru tvö ár liðin síðan Guðni Th. Jóhannesson var kjörinn forseti. Heiður og þakklæti er eftir í huga forsetans sem sendir baráttukveðjur til landsliðsins í fótbolta í Rússlandi. Dósent í stjórnmálafræði segir Guðna vera alþýðlegan.

STJÓRNMÁL. „Það er einstakur heiður að gegna þessu embætti, eins og fyrri forsetar geta líka vitnað um. Þessi tvö ár hafa liðið hratt, margt drifið á dagana og þannig verður það eflaust áfram,“ segir Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, í samtali við blaðið.

Tílefnid er að í dag eru tvö ár síðan hann var kjörinn sjötti forseti lýðveldisins með 39,08 prósent atkvæða. 71.356 Íslendingar kusu Guðna sem forseta. Hann var miðpunktur kosningabaráttunnar eftir að hann tilkynnti um framboð sitt 5. maí 2016, enda mældist hann itrekad með langmest fylgi í könnunum í baráttunni.

„Ég þakka öllum sem hafa stutt mig og okkur hjónin hér á Bessastöðum, og sjálfur sendi ég góðar kveðjur til strákanna okkar austur í Rússlandi.“

A þessum tveimur árum sem Guðni hefur verið í embætti hefur ekki farið fram hjá neinum að forsetinn hefur ástríðu fyrir íþróttum. Greinilegt er að hugur hans er hjá strákunum okkar fyrir leikinn stóra á morgun.

„Ef maður gerir sitt besta geta draumar ræst, og hvernig sem fer getur maður þó alltaf verið sáttur við sjálfan sig,“ segir forseti Íslands.

Stefanía Óskarsdóttir, dósent í stjórnmálafræði, segir að Guðni hafi verið farsæll og notið hylli í embætti og sér í lagi í fjölmiðlum fyrir að vera alþýðlegur. Greinilegt sé að mjög sé sóst eftir að fá Guðna til að koma hingað og þangað. Á hinu pólitíska sviði hafi hann ekki leki í neinum erfðileikum.

„Guðni var auðvitað strax í eldflin-



Guðni Th. Jóhannesson og Eliza Reid fagna 2016. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Guðni var auðvitað strax í eldflinunni og reyndi á hann við stjórnarmyndarviðræður 2016 og síðan eftir 2017. Þjóðin var ánægð með hann í því hlutverki og hvernig hann tókst á við það verkefni,“ segir Stefania og nefnir tvö mál sem Guðni hefur beitt sér fyrir hvað varðar stjórn málin innanlands.

„Það er málið í kringum uppreist æru þegar hann skrifaði undir eins og formið gerir ráð fyrir og síðan þessi skipun dómara í landsrétt þegar hann óskaði eftir skýringu á staðfestingu dómara í landsrétt,“ segir Stefania. Þessi tvö mál hafi reynt á eldri og nýrri túlkun á hlutverki forsetaembættisins.

Stefanía Óskarsdóttir, dósent í stjórnmálafræði



tomasg@frettabladid.is

ER VINNINGUR Í PINNI ÖSKJU?

Leitaðu að vinningsmiða næst þegar þú kaupir sælgætisöskju frá Góu. Þú gætir unnið svifbretti eða gömsætan sælgætisglæðing.



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

AURIS

Sjálfhlaðandi Hybrid



Auris - verð frá: 2.970.000 kr.
Auris Hybrid - verð frá: 3.290.000 kr.

HYBRID Orkuskiptin eru hafin! Gríptu tækifærið og kaupu Hybrid á góðum kjörum.

Finndu gleðina í hjóðlátum og liprum Auris, hvort heldur með bensínvél eða í Hybrid útfærslu sem hleður sig sjálf í akstri. Lífgaðu upp á daginn með fararskjóta sem skartar ríkulegum staðalbúnaði og tekur sig jafn vel út að innan og utan. Láttu hjartað ráða för í sumar.

Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is

Vildarpunktur Icelandair með öllum nýjum Toyotum.



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19

Toyota Selfossi
Fosnesi 14

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is. Billinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 5 ára ábyrgð: Ókutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarf nast viðhalds. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

Fangelsisdómur fyrir klám, ærumeiðingar og blygðunarsembrot

DÓMSMÁL Landsréttur mildaði fyrir helgi dóm yfir Sigurði Dalmann Áslaugarsyni. Hann var dæmdur fyrir brot gegn blygðunarsemi, dreifingu kláms og ærumeiðingar. Sigurður tók upp kynmök sín við annan karlmann og sendi efni úr upptökunni á tvo nafngreinda menn og þáverandi unnustu mannsins. Hann hlaut fimmtán mánaða fangelsi í Landsrétti en hafði fengið tveggja ára fangelsi í héraði.

Upphaf málsins má rekja til þess

að brotþoli var í skuld vegna fíknifnaneyslu. Það hann Sigurð um að lána sér fé og féllst hann á það gegn því að brotþoli svæfi hjá sér. Tók síðan þau kynmök upp og geymdi upptökuna.

Skuldin var hins vegar ekki greidd og átta mennirnir eftir að sofa oftar saman. Brotþoli bar því við að ef hann yrði ekki við því yrðu myndirnar af honum settar í dreifingu. Það var síðar gert þegar Sigurður sendi myndirnar á þáverandi unn-

ustu og barnsmóður brotþolans í málinu.

„Þú veist vel hvaðan þetta er!! og í hvaða skipti.. ég á þetta live allt saman.. 10 mín myndband, búinn að vera með camerur síðan það var ráðist inn heim til mín... ég á 4 myndbönd sem ég hef geymt af okkur, ef að ég þyrfti að nýta þau einhvern tímann!!“ sagði í hótun Sigurðar til fórnarlambins.

Sigurður á að baki brotaferil sem nær aftur til ársins 1995. Í héraði



Landsréttur. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

hafði refsing verið ákveðin með hliðsjón af eldri dómum sem hann hafði hlotið árin 2011, 2013 og 2014 en honum hafði verið veitt reynslulausn af eftirstöðvum refsingarrinnar. Landsréttur taldi hins vegar skilyrði þess að dæma eftirstöðvarnar upp ekki uppfyllt og stytta refsitímann.

Þá var Sigurður dæmdur til að greiða fórnarlambinu 1,5 milljónir króna í miskabætur en upphæðin var 2 milljónir í héraði. –joe



Ung kona ekur fyrsta skipti í gær.

NORDICPHOTOS/GETTY

Konur fá að aka í Sádi-Arabíu

SÁDI-ARABÍA Konur mega nú keyra bíl í Sádi-Arabíu í fyrsta sinn. Áður höfðu þó konur sem þegar höfðu ökuréttindi í öðrum ríkjum ríðið á vaðið.

Breytingunni var lofað af krónprinsí Sádi-Araba, Mohammed bin Salman, sem hvatt hefur til viðtækra samfélagsbreytinga í átt að frjálslyndi. Konur í Sádi-Arabíu fagna áfanganum, en baráttufólk fyrir auknum réttindum kvenna í ríkinu bendir á að enn séu konur með karlkyns forðamann og þurfi leyfi hans til að vinna eða ferðast. –tg

Háskólanemar áhyggjufullir

SKÓLAR „Ein helsta ályktunin sem við hljótum að draga af þessari víðamiklu könnun er sú að stýðja þurfi betur við íslenska námsmenn því það er mikilvægt að þeir helgi sig náminu af fullum krafti.“ sagði Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands, við brautskráningu kandidata í Laugardalshöll í gær. Þar voru tæplega 2.000 nemendur úr grunn- og framhaldsnámi brautskráðir.

Jón Atli sagði að samkvæmt könnun Eurostudent vinni íslenskir háskólanemar meira en nemandur í Evrópu og leggi harðar að sér. Þá séu þeir almennt eldri, eigi fleiri börn og séu líklegri til að vera í sambúð. „Íslenskir háskólanemar hafa líka meiri fjárhagsáhyggjur og njóta síður opinbers stuðnings í námi í formi lána eða styrkja.“ sagði rektor. –bg

Taldir hafa grætt um 61 milljón króna með svikum í Icelandair

Innherjasvikamál fyrrverandi forstöðumanns leiðakerfisstjórnunar Icelandair, auk tveggja annarra, verður þingfest í vikunni. Talið er að brot manna hafi staðið yfir í rúmlega sextán mánuði. Upptöku á rúmum 90 milljónum króna er krafist í málinu. Einn hinna ákærðu var eitt sinn sakfelldur fyrir rekstur spilavitis.

DÓMSMÁL Talið er að þremmenningararnir sem grunaðir eru um að hafa notfært sér innherjaupplýsingar í viðskiptum með hlutabréf í Icelandair hafi hagnast um rúmlega 61 milljón króna með gjörningnum. Hin ætluðu brot eiga að hafa átt sér stað á tímabilinu frá október 2015 til febrúar 2017.

Þrjú menn á fimmtugsaldri eru ákærðir í málinu. Einn hinna ákærðu er fyrrverandi forstöðumaður leiðakerfisstjórnunar Icelandair en hann hafði stöðu fruminnherja hjá félaginu. Hinir tveir eru grunaðir um að hafa nýtt sér upplýsingar frá honum til að hagnast á viðskiptum með hlutabréf í félaginu.

Auk manna þriggja er félagið Fastrek, sem hét áður VIP Travel, ákært í málinu en viðskiptin með hlutina voru gerð í nafni félagsins. VIP Travel var eitt sinn tengt kampavinskúbbnum VIP Club en greiðslur til klúbbsins fóru í gegnum félagið.

Einn hinna ákærðu er fyrrverandi eigandi Fastreks. Sá var jafnframt áður rekstrarstjóri kampavinskúbbins Shooters sem nú er starfætur á sama stað og VIP Club var áður til húsa. Að endingu má nefna að sá maður var eitt sinn sakfelldur fyrir rekstur spilavitis í Skeifunni.

Fyrirgreindum forstöðumanni og rekstrarstjóra er í málinu gefið að sök að hafa í október og nóvember 2015 nýtt VIP Travel til að kaupa hluti í Icelandair til þess eins að selja hlutina skömmu eftir að þriðja ársfjórðungsuppgjör félagsins var birt. Þeim er gefið að sök að hafa keypt söluarétt í júlí 2016 en þá veðjuðu þeir á móti á lækkan hluta-



Mennirnir eiga að hafa nýtt sér innherjaupplýsingar til að hagnast á bréfum í Icelandair. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

bréfanna í kjölfar annars ársfjórðungsuppgjörs þess árs.

Að endingu er forstöðumanninum og rekstrarstjórnunum gefið að sök að hafa í janúar og febrúar 2017 keypt söluarétt í félaginu og veðjað á að verð á hlutum í því myndi lækka í kjölfar afkomuviðvörunar sem birt var 1. febrúar það ár. Hagnaður manna af þessu á að hafa

numið tæpum 25 milljónum króna. Rekstrarstjórnin á síðan að hafa hvatt þriðja manninn, sem ákærður er í málinu, til hins sama. Á hann að hafa keypt söluarétt og selt í félaginu sama dag og afkomuviðvörunin var gefin út. Á hagnaður vegna þessa að hafa numið rúmum 20 milljónum króna.

Mennirnir eru ýmist ákærðir fyrir

innherjasvik eða hlutdeild í slíku broti. Þess er krafist af héraðssaksóknara að þeim verði gerð refsing auk þess sem fjármunir þeirra og félagsins Fastreks, alls að fjárhæð rúmlega 90 milljónir króna, verði gerðir upptækir.

Hvorki náðist í hina ákærðu né lögmenn þeirra í gær. Málið verður þingfest 28. júní. joli@frettabladid.is

Erdogan áfram forseti Tyrklands

TYRKLAND Recep Tayyip Erdogan lýsti í gærkvöldi yfir sigri í forsetakosningum í Tyrklandi. Á blaðamannafundi staðfesti hann að kosningabáttaka hafi verið upp undir 90 prósent, og kallaði kosningarnar í dag „kennslustund í lýðræði“. Þegar blaðið fór í prentun hafði Erdogan 52,7 prósent atkvæða eftir að 95,5 prósent hafa verið talin samkvæmt ríkisrekna fjölmiðlinum Anadolu. Ósamræmi var mikið í fjölmiðlum í Tyrklandi í gær en sjálfstæðir fjölmiðlar birtu aðrar tölur.

Stjórnarandstöðuflokkurinn CHP vildi ekki viðurkenna sigur Erdogans í gærkvöldi.

Kosningarnar áttu að fara fram árið 2019 en Erdogan boðaði öllum að övörum til kosninga fyrr á árinu eftir viðtækar stjórnskrárbreytingar sem hann keyrði í gegn í kjölfar tilraunar til valdarans. Breytingarnar færa forsetaembættinu meiri völd og



Stuðningsmenn Erdogans fagna á götum Ístanbul. NORDICPHOTOS/GETTY

Tyrkland færir með breytingunum einnig í forystu þar og allt útlit fyrir að hann geti myndað meirihluta í þinginu. –tg

í landinu og er flokkur Erdogans einnig í forystu þar og allt útlit fyrir að hann geti myndað meirihluta í þinginu. –tg

30 ARA 2018
Flisabúðin

30%
af mælisafsláttur
á Heliosa hiturum

HELIOSA hitarar henta bæði innan- og utandyra. Helstu kostir HELIOSA hitara eru:

- Hítna strax
- Vindur hefur ekki áhrif
- Vatnsheldir og menga ekki

Margar gerðir til á lager.

Flisabúðin
Stórhöfuá 21 | s: 545 5500 | flis.is

Finnu okkur á facebook



Sagan endalaus!

Snapchat telur ekki í
gagnamagni hjá Nova.

Þú getur Snappað endalaust án þess að eyða
gagnamagni hjá Nova í sumar! Tilboðið fylgir
áskrift, mánaðarlegri áfyllingu í frelsi, Mínus átján
og öllum farsímatilboðum.

Verlanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is

Stærsti
skemmtistaður
í heimi!

NOVA

Byrjað að reisa nýtt gagnaver Borealis Data Center á Blönduósi

BLÖNDUÓSI Í sumarbliðu á Norðurlandi hefur verktafyrirtækið Húsherji hafist handa við að steypa grunninn að nýju gagnaveri Borealis Data Center sem á að risa á svæðinu. Gert er ráð fyrir að húsið sjálf verði tekið í gagnid strax í haust og verði mikil lyftistöng fyrir atvinnulíf á svæðinu.

Borealis Data Center áformar að reisa nokkur hús á lóðinni sem þeir fengu úthlutaða og er fyrsta húsið aðeins byrjunin hjá fyrirtækinu. Magn raforku sem hægt er

að kaupa ræður því að miklu leyti hversu stórt fyrirtækið getur orðið á svæðinu. Fyrsta húsið er um 650 fermetrar að stærð og verður tekið í notkun innan nokkra mánaða. Áform eru uppi um að byrja á öðru húsi á þessu ári.

Steinunn Þorsteinsdóttir, upp-lysingafultrúi Landsnets, segir Blönduós afar heppilega staðsetningu fyrir núverandi flutningskerfi til að taka á móti nýjum stórnotanda. „Flutningsgetan er með því betra sem gerist á landinu. Blönduós

er góður staður fyrir aukna notkun til að nýta betur þá innvið sem eru til staðar í kerfinu í dag,” segir Steinunn. „Almennt getum við sagt að ef horft er til 30 megavatta notkunar á svæðinu þá þurfi ekki að styrkja meginflutningskerfið þar sem núverandi innviðir geti tekið við þeirri aflaukningu.“

Björn Brynjúlfsson, framkvæmdastjóri Borealis, segir viðræður nú í gangi við raforkuframleiðendur um kaup á orku og þær viðræður gangi ágætlega. Hann segir starf



Fyrsta húsið af mörgum hýsyr nýtt gagnaver. MYND/ROBERT DANIEL JÓNSSON

fyrirtækisins geta haft mjög jákvæð áhrif á atvinnulíf á svæðinu þar sem þjónustuaðilar í héraði muni hafa nokkur umsvif í kringum gagnaverið. „Það verður að segjast að vinnuafli á hvert megavatt er nokkuð hátt í gagnaverum en einnig verður nokkuð af útivistuðum verkefnum sem fyrirtæki taka að sér. Einnig erum við með heimaverktaka sem reisa húsinn enda markmiðið einnig að skila ábata til samfélagsins,” segir Björn.

svainn@frettabladid.is



Gatnamót Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Vegagerðin vill mislæg gatnamót

SAMGÖNGUR Ofanbyggðarvegur frá Kópavogi til Hafnarfjarðar er eina leiðin sem hugsanlega gæti létt umferð af Reykjanesbraut og Hafnarfjarðarvegi. Þetta segir nýrri greinargerð Vegagerðarinnar um framtíðarsýn stofnvega á höfuðborgarsvæðinu.

Í framtíðarsýnni er gert ráð fyrir að á stofnvegum verði öll gatnamót mislæg. Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu undirbúa Borgarlínu. Í skýrslunni segir, án þess að Borgarlína sé nefnd á nafni:

„Ef kostnaður vegna vega á höfuðborgarsvæðinu er ætlaður af ríkisfé er ljóst að sveitarfélögum ber að hafa samráð um legu og útfærslu þeirra. Vegagerðin leggur mikla áherslu á að skipulagsvinna á og við vegi í umsjá hennar verði ekki unnin án hennar aðkomu.“ –bg



Zsa Zsa er ekki frið. FRÉTTABLAÐIÐ/ EPA

Tíkin Zsa Zsa krýnd ljótasti hundur heims

DYR Hin ný ára gamla Zsa Zsa varð í gær hlutskörpust í árlegri keppni um ljótasta hund heimsins. Eigandi Zsa Zsa, Megan Brainard, fær að launum andvirði rúmlega 160 þúsund íslenskra króna.

Keppnin fer fram árlega í Petaluma í Kaliforníuríki í Bandaríkjunum og dregur að sér keppendur víðsvegar að. Zsa Zsa og Brainard komu til að mynda alla leið frá Minnesota til að taka þátt í keppninni.

Keppendur eru af öllum stærðum og gerum en flestir eiga það sameiginlegt að hafa farið illa út ur genalottoinu eða orðið fyrir skakka-föllum á lífsleiðinni. Eigendur þeirra ganga með þá eftir raudum dregli þar sem dómarmar gefa þeim einkunn fyrir ljótleika. –joe

Hefji undirbúning til að kaupa losunarheimildir fyrir Ísland

Íslendingar geta ekki staðið við skuldbindingar sínar gagnvart Kyotóbókuninni um losun gróðurhúsalofttegunda. Umhverfisstofnun segir að gripa þurfi til róttækra aðgerða eigi Íslendingar að standa við skuldbindingarnar árið 2030. Umhverfisráðherra segir Ísland neyðast til að kaupa losunarheimildir á næstu árum.

UMHVERFISMÁL Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfisráðherra vill hefja undirbúning kaupna á losunarheimildum fyrir Ísland sem fyrst.

Nú liggur fyrir að Íslendingar geta ekki staðið við skuldbindingar sínar gagnvart annarri samþykkt Kyotóbókunarrinnar. Ísland skuldbatt sig til að draga úr losun miðað við árið 1990 um fimmtung. Losunin hefur hins vegar verið stöðug síðan 2011.

Árið 2020 tekur Parísarsamkomulagið við og þarf stóráttak í umhverfismálum til að standast skuldbindingar.

„Miðað við stöðugleika losunarinnar á undanförunum árum er ljóst að stjórnvöld og almenningur þurfa að gripa til róttækra aðgerða til þess að Ísland geti staðið við skuldbindingar sínar árið 2030. Tækifæri Íslands til samdráttar í losun felast að miklu leyti í að draga úr brennslu á jarðefnaeldsneyti í vegasamgöngum og fiskiskipum, vélum og tækjum, að draga úr losun frá jarðvarmavirkjunum, ásamt því að minnka úrgangsmagn,” segir í ársskýrslu Umhverfisstofnunar sem gefin var út á dögunum.

Vinna við aðgerðaáætlun í loftslagsmálum er einnig á eftir áætlun en hún átti að liggja fyrir á vorkomunum. Vinnan er leidd af umhverfis- og auðlindaráðherra en fulltrúar sex annarra ráðherra koma að vinnu verkefnisstjórnar.

„Hún er í smíðum undir stjórn verkefnisstjórnar sem skipuð var fyrir í vetur. Ég vænti þess að fá tilögur frá henni á allra næstu vikum. Áætlunin verður áfangaskipt þannig að strax verði ráðist í aðgerðir sem eru tilbúnar en undirbúningi



Ísland er eitt þeirra ríkja sem ná ekki að stemma stigu við losun sinni á gróðurhúsalofttegundum og þarf því að eyða hundruðum milljóna króna í náinni framtíð til kaupna á losunarheimildum fyrir mengun hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ég vil hefja undirbúning kaupna á heimildum sem fyrst þannig að Ísland sé í stakk búið til þess fyrr en á eindaga eftir fjögur til fimm ár.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson



haldið áfram fyrir aðrar aðgerðir,” segir Guðmundur Ingi.

Guðmundur Ingi segir ekki fyrsta kost að kaupa losunarheimildir til að standast skuldbindingar sínar.

„Ríki geta gert þrennt til að standa við töluleg markmið samkvæmt Kyotóbókuninni fyrir árið 2020, það er dregið úr losun, bundið kolefni úr andrúslöfti og keypt heimildir ef upp á vantar til að standast skuldbindingar. Það er sísti kosturinn að mínu mati,” segir Guðmundur Ingi.

„Við munum þó væntanlega þurfa að kaupa heimildir vegna

fyrri skuldbindinga, sem miðast við árið 2020, en hversu miklar liggur ekki ljóst fyrir að svo stöddu,” bætir Guðmundur Ingi við. „Ég vil hefja undirbúning kaupna á heimildum sem fyrst þannig að Ísland sé í stakk búið til þess fyrr en á eindaga eftir fjögur til fimm ár. Ljóst er þó að fjarheimildir þarf fyrir slíkum kaupum.“

Norðmenn hafa á síðustu árum keypt nokkuð af einingum og til að jafna bókhald okkar Íslendinga myndi kostnaður við slík kaup hlaupa á hundruðum milljóna króna. svainn@frettabladid.is

Sungu Ó, Jesú, bróðir besti yfir leiði Viggu gömlu

MENNING „Í ljósaskiptum langrar ævi gekk hún bæ frá bæ eða barst með straumi,” er letrað aftan á legstein flökkukonunnar Vigdisar Ingvadóttur sem afhjúpaður var við Skeiðflataráskirkju daginn fyrir samtjanda júní.

Steinninn er afrakstur söfnunar sem Jóna Sigríður Jónsdóttir frá Litla-Hvammi og fimm aðrar brottfluttar vinkonur hennar og skólasystur úr Mýrdal stóðu fyrir til að heiðra minningu Viggu gömlu sem alþekkt var á sinni tíð þar í héraðinu fyrir flökkulíf sitt.

Jóna er ánægð með velheppnaða athöfn. Þrátt fyrir að einhverjir hefðu áhyggjur af því að tímasetningin, í miðjum leik Íslands við Argentínu á HM í fótbolta, myndi draga úr aðsókninni, mættu um sextíu manns í Skeiðflataráskirkju. „Það var

mjög góð stemming og sólin skein á okkur,” segir Jóna.

Einn þeirra sem viðstaddir voru athöfnina er Sigurður Sigurðarson dýralæknir. Hann segist að jafnvel þótt hann hafi aldrei hittu Viggu gömlu hafi honum þótt vænt um þessa sérstöku förökonu.

„Tengdafaðir minn, Einar bóndi í Kaldrananesi, talaði hlýlega um hana og hún var velkomin alls staðar á ferðum sínum, enda lagði hún ekki fyrir sig að bera sögur á milli bæja, eins og sumir förömenn gerðu,” segir Sigurður.

Séra Haraldur Kristjánsson, sóknarprestur í Vík, stýrði athöfninni og þrjár konur úr söfnunarhópnum fluttu avörp. Inni í kirkjunni var sungið „Blessuð sértu sveitin min“ en hjá legsteini Viggu gömlu söng hópurinn „Ó, Jesú, bróðir besti“ –gar



Legsteinn Viggu komin á sinn stað. Skólasysturnar Ólóf Eyjólfssdóttir, Rannveig Jónsdóttir, Jóna Sigríður Jónsdóttir, Erla Gerður Högnadóttir, Margrét Steina Gunnarsdóttir og Hrafnhildur Stella Stephens. MYND/SILJA ÁSTÞÓRSÐÓTTIR

SUZUKI NOTAÐIR BÍLAR



Way of Life!

SUMAR SPRENGJA SUZUKI!

**ÞÚ FÆRÐ 500 ÞÚSUND
FYRIR GAMLA BÍLINN.
ÁSTAND OG TEGUND SKIPTIR EKKI MÁLI
OG ÞÚ EKUR INN Í SUMARIÐ Á GLÆSILEGUM, NOTUÐUM GRAND VITARA**



NÚ FER HVER AÐ
VERÐA SÍÐASTUR AÐ
TRYGGJA SÉR
GRAND VITARA
Á ÞESSUM FRÁBÆRU
KJÖRUM.

TILBOÐIÐ RENNUR ÚT
30. JÚNÍ!

Eigum fjölbreytt úrval af notuðum Grand Vitara, bjóðum
hagstæð lánakjör. Tilboðið gildir til 30. Júní 2017

Grand Vitara er frábær fjölskyldubíll og fullbúinn jeppi
með háu og lágu drifi þannig að þér eru allir vegir færir.

TRAUST UMBOÐ Í 28 ÁR



FLUTT MEÐ
EIMSKIP

Suzuki | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

Sönn verðmæti



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrun@frettabladid.is

Það er undurfagurt á Ströndum. Um það efast enginn sem þangað kemur og fyrsta hugsun ætti því ekki að vera: Hér er kominn tími til að virkja!

Þegar fréttir berast af virkjanaformum, eins og Hvalárvirkjun í Ofefsfirði á Ströndum, þá er beinlínis skylt að staldra við og íhuga vandlega hvort verði sé að taka rétta ákvörðun. Það er skiljanlegt að íbúar Vestfjarða telji margir hverjir að möguleikar á uppbyggingu felist í virkjunum. Virkjun á þessu svæði myndi hugsanlega leysa skammtímavanda, en getur þó engan veginn verið töfralausn. Lykilspurningin er hvort það flokkist sem hagstæður samningur að farna ægifagurri náttúru fyrir stundargróða. Flestir ættu að svara því neitandi.

Stundum er talað eins og í göðu lagi sé að farna náttúruperlum sem fáir hafa séð. Þar sem þær eru svo mörgum huldar er látið eins og þær séu ekki til á landkortinu. Viðkvæðið er: Það kemur aldrei neinn á þetta svæði. Þegar athygli er síðan vakin á svæðinu og fólk sækir staðinn heim grípur um sig pirringur meðal virkjanasinna og sumir þeirra bregðast við með því að tala um lattelepjandi elítuna í 101, sem viti ekkert um hvað hún er að tala. Það eru alls kyns aðferðir til að gera lítið úr málstað fólks, þar á meðal að uppnefna það.

Umhverfissinnar finnast um allt land og þeim þykir innilega vænt um náttúru þessa lands, það á líka við um þá lattelepjandi. Við lífum í veröld þar sem maðurinn er upprekinn af því að eyða umhverfi sínu, mengar borgir og fyllir höfin af plasti um leið og hann yppir óxlum þegar honum er bent á skaðann. Þeir sem vilja snúa þessari þróun við og láta sér annat um náttúruperlu eru að berjast góðri baráttu. Þeir fá þó iðulega bág fyrir; að vera kallaðir hyski er ekki endilega það versta sem þeir verða að þola.

Sumar baráttuaðferðir umhverfissinna hafa reyndar ekki verið skynsamlegar, eins og þegar hópur fólks flutti lögheimili sitt í Arneshrepp á Ströndum rétt fyrir kosningar, án þess að hafa þar fasta búsetu. Þeir einstaklingar ætluðu að hafa áhrif á úrslit kosninga í hreppnum þar sem virkjanafarmkvæmdir eru helsta deilumálið. Þessi gjörð hlaut að öðru íbúum Arneshrepps og því lítt til árangurs fallin. Þvert á móti bauð hún upp á spennu og átök við hið litla sveitarfélag. Aðgerð Tómasar Guðbjartssonar lækni og félaga hans sem hafa birt myndir af svæðinu sem þarna er undir er mun skynsamlegri. Myndir geta sannarlega sagt meira en mörg orð. Sá sem sér mynd af Drynjanda, 70 metra háum fossi sem mun nánast þurrkast upp verði af virkjun, hlýtur að fyllast miklum efasemdu um þessar virkjanafarmkvæmdir, nema honum standi hjartanlega á sama um náttúru þessa lands.

Það gleymist alltof oft hvernig verðmæti felast í náttúruperlu landsins. Þar er ekki um að ræða gróða sem er mælanlegur í Kauphöllinni, enda verðmætið mun mikilvægara en svo. Náttúruperlu verða einfaldlega ekki metnar til fjár.

Þeir fá þó iðulega bág fyrir; að vera kallaðir hyski er ekki endilega það versta sem þeir verða að þola.

Haldór



Frá degi til dags

Formannsstólar

Það er ekki aðeins rætt um HM í Rússlandi á samfélagsmiðlum þessa dagana. Leiti maður nógu langt getur maður rekist á umræður um nefndir og ráð borgarstjórnar. Í einum slíkum þræði er þeirri spurningu velt upp hví enginn fulltrúi minnihlutans sé formaður neins staðar þótt slíkt tíðkast til að mynda á Alþingi. Dóra Björt Guðjónsdóttir, oddviti Pirata og forseti borgarstjórnar, sagði slíkt fásinnu enda væri nefndarformennska sambærileg ráðherrastól á þingi. Þá hefði aldrei komið fram bön frá minnihlutunum um formennsku í nokkru ráði eða nefnd. Þá væri engin hefð fyrir slíku.

Hefðirnar

Það liggur hins vegar fyrir að Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, oddviti Viðreisnar og forseti borgarstjórnar, hefur ítrekað sagt vilja gott samstarf við minnihlutann. Einnig eru fordæmi fyrir því að fulltrúi minnihlutans hafi fengið embætti en Hanna Birna Kristjánsdóttir var til að mynda forseti borgarstjórnar í meirihlutati Samfylkingar og Besta flokksins. Þá vöktu fulltrúar minnihlutans máls á því við borgarstjóra og forseta borgarstjórnar hvort ekki væri rétt að þeir fengu formennsku líkt og tíðkast á þingi. Dóra virðist því ekki hafa sagt ósatt en hún sagði hins vegar ekki allt saman. joli@frettabladid.is

Mannaflaspá fyrir heilbrigðiskerfið



Þórunn Sveinbjarnardóttir
formaður BHM

Nær daglega berast fréttir af „mönnumarvanda“ innan heilbrigðiskerfisins. Um langvarandi og alvarlegan vanda er að ræða. Hvers vegna tekst okkur ekki að manna starfsstétta sem gegna lykilhutverki í heilbrigðis- og velferðarþjónustu hér á landi? Litum á nokkrar nærtækar ástæður.

Í fyrsta lagi tekur launasetning þessara stétta almennt ekki nógu vel mið af menntun þeirra, sérfræðispekkingu og þróun starfanna. Fagstéttir þar sem konur eru í meirihluta eru enn að berjast fyrir viðurkenningu á sérfræðispekkingu sinni og ábyrgð innan heilbrigðiskerfisins. Ástæðurnar liggja djúpt í samfélaginu og furdulega erfitt er að uppræta gamaldags hugsunarhátt í garð kvennastétta. Í öðru lagi búa margir heilbrigðisstarfsmenn við ófullnægjandi starfsumhverfi. Augljósasta dæmið er húsnæðisostur Landspítalans, sem er gamall, úr sér genginn og jafnvel heilsuspillandi. Í þriðja lagi virðist engin stefna vera til um það hvernig manna eigi þessar mikilvægu stéttir til framtíðar. Nýjasta dæmið er aðsókn í hjúkrunarfræðinám við HA. Hún er margföld þau pláss sem skólinn getur boðið vegna fjárhagsrammans sem honum er settur. Þannig er lokað á þau sem þó vilja leggja fyrir sig nám í heilbrigðisgeiranum.

Í ljósi þessa og m.t.t. öldrunar þjóðarinnar undirrituðu þeir ráðherrar í ríkisstjórn Íslands sérstaka yfirlýsingu við gerð kjarasamninga aðildarfélaga BHM við ríkið í febrúar sl. Þar kemur fram að greina skuli mannaflapörf í heilbrigðiskerfinu til næstu 5–10 ára og fullvinnu heilbrigðisstarfsstétta stjórnvalda. Í yfirlýsingunni er einnig kveðið á um að umbætur á starfsumhverfi og kjörum heilbrigðisstarfsmanna ríkisins verði gerðar í samráði við aðildarfélög innan BHM.

Ég ætla að fullyrða hér að yfirlýsingin hafi vegið þungt þegar félagsmenn aðildarfélaga BHM samþykktu kjarasamningana í vetur, enda löngu tímabært að áætla mönnun heilbrigðiskerfisins til langs tíma. Miklu skiptir að forsætisráðherra, heilbrigðisráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra skili því sem hér var lofað áður en sest verður að samningaborði á ný árið 2019.



Hvers vegna tekst okkur ekki að manna starfsstétta sem gegna lykilhutverki í heilbrigðis- og velferðarþjónustu hér á landi?

TUDOR rafgeymar

AGM þurrir rafgeymar fyrir Start-Stop bíla

Veldu öruggt start með TUDOR

Viðurkenndir af öllum bílaframleiðendum

Mikið úrval - Traust og fagleg þjónusta

SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

TUDOR

Bíldshöfða 12 • 110 Rvk • 577 1515 • skorri.is

Stórhættulegar konur

Í DAG



Guðmundur Steingrímsson

Í aðdraganda síðasta leiks íslenska landsliðsins, á móti Nígeríu – sem er leikur sem við viljum ábyggilega flest gleyma – skapaðist nokkuð athyglisverð umræða um kynlíf og fótbolta. Heimir Hallgrímsson og Aron Einar fyrirliði voru spurðir að því á blaðamannafundi hvort ríkt hafi kynslífsbann hjá íslenska landsliðinu. Þeir urðu svoltið kindarlegir í framan en náðu að bjarga í horn með því að eyða hálfpartinn talinu. Í HM stofunni á RÚV sátu svo þrír karlmenn og roðnuðu þegar kvenkynspáttastjórnandi bryddaði upp á umræðu um þetta sama mál. Finnst ykkur þetta vandræðalegt? spurði hún. Svárið var óljóst.

Ég tülkaði svör Heimis og Arons á þann veg að kynlífsbann væri ekki raunin. Strákarnir og makar þeirra mega gera það sem þau vilja. Í eftirleik Nígeríuleiksins tók Heimir enn frekar af skarið í merkilegum ummælum um fótbolta og tilgang lífsins. Þar benti hann á, eftir að blaðamaður hafði gefið í skyn að Íslendingar hafi verið full afslappadur í aðdraganda leiksins – hittandi konur sínar – að það væri margt mikilvægra í lífinu en fótbolti. Fjöl-



skyldan væri til dæmis mikilvægari en fótbolti. Vafalítið hafa hörðustu fótboltabullurnar sopið hveljur við þessar hugleiðingar landsliðsþjálfarans.

Eru makar bögg?

Einvers staðar undirbyggjandi í kultúrnum í kringum fótbolta lífir sú kenning góðu lífi að best sé að leikmenn séu algerlega lausir við maka sína í aðdraganda stóratoka. Spurningarnar til Heimis endurspeglar þetta hugarfar. Hið alltumlykjandi álitamál sem hér blasir við er auðvitað það, hvort makar séu álitnir bögg. Er óttinn sá, að ef konurnar væru mikið með strákunum myndu þær tuða of mikið í þeim? „Hvenær ætlarðu að slá grasið heima, Gylfi?“ „Er nú ekki

komið nóg af þessum boltaleik í bili, Birkir minn.“ „Það er gat á sokkunum þínum, Hannes.“ „Hringdu í mömmu þína, Aron.“ Eða eru þetta hættulegar konur? Myndu þær tæla strákana út á lífið, í syndsamlegt líferni holdsins freistinga? Hvisla svo lostafullum orðum í eyrað á þeim, að strákarnir gætu ekki einbeitt sér í marga daga á eftir? Er hræðslan sú, að ef konurnar væru mikið að koma myndu strákarnir algjörlega missa stjórn á sér og hætta að nenna að spila fótbolta? Eru þeir, af einhverjum – blessunarlega þó ekki Heimi, greinilega – álitnir svo grunnir? Nánast skepnur?

Lífseig myta

Þetta er skritið. Auðvitað skilur maður vel að það er algjörlega



Er hræðslan sú, að ef konurnar væru mikið að koma myndu strákarnir algjörlega missa stjórn á sér og hætta að spila fótbolta? Eru þeir, af einhverjum – blessunarlega þó ekki Heimi, greinilega – álitnir svo grunnir? Nánast skepnur?

nauðsynlegt að hafa reglu á lífinu þegar tekist er á við stóra og erfiða áskorun. Það er mikilvægt að fara snemma að sofa, borða vel og hvílast. Ná að róa hugann. Ég sé hins vegar ekki að maki manns þurfi endilega að vera hindrun í þessu. Þvert á móti. Akaflega margir, þar á meðal ég, sækja kraft til makans, styrk og hvatningu. Ég er viss um að strákarnir gera það líka. Ég veit satt að segja ekki hvernig ég kæmist í gegnum helstu áskoranir lífsins án eigin konu minnar. Þetta finnst mér einmitt vera ein helsta þælingin með sambandi. Að eiga sér náinn lífsförunaut sem skilur mann og styður.

Ég myndi ekki endilega telja það skynsamlegustu leiðina fyrir íþróttafolk til að komast í gegnum þrekaunir að vera uppi á hótelherbergi að spila tölvuleiki. Kynlíf með makanum væri uppbyggilegra. Það er viss myta hér undirbyggjandi, sem

er nokkuð sterk í menningunni. Hún er sú að kynlíf fyrir keppnir sé einfaldlega skaðlegt. Sú myta nær aftur til Forn-Grikkja. Þar var því trúað, að ef keppandi væri sveltur um kynlíf myndi baráttuþrep hans aukast.

Rannsóknir styðja hins vegar ekki þessa kenningu. Í yfirgrípsmikilli könnun vísindamanna við Oxfordháskóla á þáttakendum í Londonmaraboninu árið 2000 kom í ljós að þeir keppendur sem höfðu stundað kynlíf kvöldið áður voru að meðaltali 5 mínúturnar fljóttari í mark en hinir. Fjölmargar aðrar rannsóknir – sem reyndar hafa aðeins verið gerðar á karlmönnum, sem er merkilegt – hafa leitt í ljós að kynlíf hefur engin slæm áhrif á frammistöðu íþróttamanna nema reyndar ef það er stundað innan við tveimur tímum fyrir keppni. Ég efast um að það sé mikið að gerast í tilvikum strákanna.

Að vinna Króatíu

Svo er það þetta með tilgang lífsins. Að eitthvað sé merkilegra en fótbolti. Hvernig vinnum við Króatíu? Kannski svona: Að strákarnir finni einmitt kraftinn og stuðninginn frá sínum nánustu, konum sínum, börnum og foreldrum. Að þeir þakki þeim alla trúna og hvatninguna með því spila sinn besta leik í lífinu, frá hjartanu. Fyrir þau. Því það er rétt sem Heimir segir. Fjölskyldan er mikilvægari en fótbolti. Frá henni sprettur hún yfirleitt, þessi aukaorka sem allir þurfa, þessi stóra ástæða til að vinna stærstu afrekin. Vonandi er kynlífsbann hjá Króótum.

TVÆR NÝJUNGAR

RENAULT KANGOO

Renault atvinnubílar hafa slegið í gegn með hagstæðu verði og ríkulegum búnaði. Nú bjóðum við tvær spennandi nýjungar á þessum vinsæla sendibíl. Kangoo með dísilvél og sjálfskiptingu og Kangoo EV með stærri rafhlöðu.

www.renault.is



RENAULT KANGOO
DÍSIL, 1,5 L, 90 HESTÖFL.
NÚ Í FYRSTA SINN SJÁLFSKIPTUR

Verð: **2.379.000 kr. án vsk.**
2.950.000 kr. m. vsk.

Eyðsla 5,0 l/100 km*

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyri
Akureyri
www.bilak.is
461 2633

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhólfsta 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



100% RAFMAGN

RENAULT KANGOO RAFBÍLL
NÝ STÆRRI RAFHLAÐA - 33 KWH
UPPGEFIN DRÆGNI 270 KM**

Verð: **3.750.000 kr.**



ÚRVAL ÚTSÝN

SÓL INNAN SEILINGAR

ÍSLENSK
FARARSTJÓRN
SKOÐUNARFERDIR
Í BOÐI

KANARÍ 3.–10. JÚLÍ

★★ CORONA BLANCA

VERÐ FRÁ 72.900 KR.

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með 1 svefnherbergi. Verð frá 87.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.



MALLORCA 1.–8. JÚLÍ

HOLIDAY PARK ★★

VERÐ FRÁ 69.900 KR.

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með 1 svefnherbergi.
Verð frá 95.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.



KANARÍ 14.–21. ÁGÚST

ABORA CATARINA ★★★★★

VERÐ FRÁ 126.900 KR.

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í tvíbýli **ALLT INNIFALID**.
Verð frá 151.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

MALLORCA 8.–15. JÚLÍ

★★★ VISTA CLUB

VERÐ FRÁ 71.700 KR.

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með 1 svefnherbergi. Verð frá 95.700 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.



KANARÍ 10.–17. JÚLÍ

IFA BUENAVENTURA ★★★

VERÐ FRÁ 94.900 KR.

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í tvíbýli með **HÁLFU FÆÐI**.
Verð frá 109.700 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.



ALBIR 19.–27. ÁGÚST

HOTEL KAKTUS ★★★★★

VERÐ FRÁ 77.900 KR.

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í tvíbýli með **HÁLFU FÆÐI**.
Verð frá 93.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

ALBIR 22.–30. JÚLÍ

★★★★ ALBIR PLAYA

VERÐ FRÁ 84.700 KR.

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í tvíbýli með morgunverð. Verð frá 105.700 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.



ALMERÍA 12.–19. JÚLÍ

PIERRE VACANCES ★★★

VERÐ FRÁ 74.900 KR.

Verð á mann m.v. 3 fullorðna og 3 börn í íbúð með 2 svefnherbergjum.
Verð frá 104.700 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.



TENERIFE 21.–28. ÁGÚST

HOVIMA SANTA MARIA ★★★

VERÐ FRÁ 73.700 KR.

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með 1 svefnherbergi og **HÁLFU FÆÐI**. Verð frá 93.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

INNIFALID Í VERÐI ER FLUG, GISTING, ÍSLENSK FARARSTJÓRN, FLUGVALLASKATTAR, FERDATASKA OG HANDFARANGUR.



★ UMBIS ★

ALMERÍA 5.–12. JÚLÍ

ROC GOLF TRINIDAD ★★★★★

Frábærlega staðsett fjögurra stjörnu hótél við ströndina í Roquetas de Mar. Skemmtilegur garður með tveimur útisundlaugum, gengið er beint niður á ströndina frá hótelinu. Fjöldi verslana og veitingahúsa eru í nágrenninu. Fullkomið umhverfi fyrir fjölskyldur og pör til þess að eiga góðar stundir saman.

VERÐ FRÁ 97.900 KR.

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í tvíþýti ALLT INNIFALIÐ.
Verð frá 127.900 kr. á mann m.v. 2 fullorðna.

BARN-VÆNT

SKAFFIÐ

ICELANDAIR

COSTA BLANCA 19.–26. OKTÓBER

ASIA GARDENS MED LÓLÓ

VERÐ FRÁ 229.900 KR.

Verð á mann m.v. 2 fullorðna. Mikið innifalið, nánar í ferðalýsingu.

LÓLÓ RÓSENKRANZ
FARAÞSTJÓRI

SKAFFIÐ

ICELANDAIR

KÚBA 10.–17. NÓVEMBER

FALLEG & KYNNINGMÖGNUM

VERÐ FRÁ 348.900 KR.

Verð á mann m.v. 2 fullorðna. Mikið innifalið, nánar í ferðalýsingu.

GRÉTA GUDJÓNSDÓTTIR
FARAÞSTJÓRI

SKAFFIÐ

ICELANDAIR

TOSKANA 23.–30. OKTÓBER

FERÐ FYRIR SÆLKERA

VERÐ FRÁ 178.900 KR.

Verði lið jöfn að stigum er fyrst lítið til þess hvort liðið er með betri markatölu, þar á eftir hvort liðið hefur skorað meira í öllum leikjum sínum í riðlakeppinni og að lokum hvort liðið hefur fleiri háttvísistig í leikjum sínum í riðlakeppinni. Því gæti það farið svo að Ísland fari áfram á kostnað Argentínu vegna færri gulra og rauðra spjalda. Íslenska liðið stendur vel að vígi eins og sakir standa hvað háttvísistig varðar, en liðið hefur hvorki verið áminnt né vísað af velli með rauðu spjalda til þessa á mótinu. Argentína er aftur á móti með þrjú gul spjöld á bakinu.

Ísland þarf sigur gegn Króatíu til þess að eygja möguleika á að komast áfram í 16 liða úrslitin. Ef Nígería fer með sigur af hólmi gegn Argentínu eru vonir íslenska liðsins um áframhaldandi þátttöku á mótinu úr sögunni. Lykti leik Nígeríu og Argentínu með jafntefli og Ísland ber sigur úr bítum gegn Króatíu þarf íslenska liðið að hafa betri markatölu en Nígería eða jafna markatölu og hafa skorað meira í riðlakeppinni til þess að komast upp úr riðlinum.

Nígería er með jafna markatölu fyrir lokaumferðina, en Ísland með tvö mörk í mínus og Argentína þrjú mörk í mínus. Ísland þarf því að vinna Króatíu með tveggja markum eða meira til þess að komast áfram á kostnað Nígeríu með sigri í sínum leik og jafntefli í leik Nígeríu og Argentínu. Þá þarf Ísland þarf að auki að vera annaðhvort með betri



Rúrik Gíslason í baráttunni í leik Íslands gegn Nígeríu. Rúrik kom inn í byrjunarlið íslenska liðsins í leiknum vegna meiðsla Jóhanns Berg Guðmundssonar sem er í kapphlaupi við tímann að ná næsta leik liðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

E-riðill	Undankeppni EM			
	S	J	T	Stig
1. Króatía	2	0	0	6
2. Nígería	1	0	1	3
3. Ísland	0	1	1	1
4. Argentína	0	1	1	1

» Nígería er með jafna markatölu, Ísland tvö mörk í mínus og Argentína þrjú mörk í mínus fyrir lokaumferð riðlakeppinnar.

markatölu en Nígería eða að markatala Íslands og Nígeríu sé jöfn og íslenska liðið hafi skorað fleiri mörk en Nígería í riðlinum.

Berí Argentína sigur úr bítum gegn Nígeríu og Ísland nær að leggja Króatíu að velli verða liðin jöfn að stigum og með jafna stöðu í innbyrðisviðureign sinni. Þá mun markatala, fleiri mörk skorud eða háttvísistig ráða úrslitum um það hvort liðið fer áfram. Ísland á eitt mark á Argentínu og þarf því að treysta á að Argentína vinni ekki meira en einu marki stærri

sigur en íslenska liðið til þess að komast áfram.

Fari svo að Ísland vinni Króatíu og Argentína beri sigurorð af Nígeríu og markatala íslenska liðsins og þess argentínska verði hnífjöfn, það er að bæði lið hafi skorað jafn mörg mörk og fengið jafn mörg mörk á sig kemur til háttvísistiga til þess að skera úr um það hvort liðið verður ofar í riðlinum. Verði staðan jöfn þegar kemur að háttvísistigum ræður hlutkesti röð liðanna í riðlinum. –hó

Fínn árangur hjá Valdísi Þóru í Tailandi

GOLF Atvinnukylfingurinn Valdís Þóra Jónsdóttir úr Golfklúbbnum Leyni var í eldlinunni á Ladies European Thailand Championship mótinu um helgina. Mótið sem fram fór í borginni Pattaya í Tailandi var liður í Evrópumótarið kvenna.

Valdís Þóra byrjaði mótið ágætlega, en hún lék fyrstu tvo hringina báða á 71 höggum sem er einu höggi undir pari vallarins. Bakslag kom í frammistöðu Valdísar Þóru á þriðja hringnum sem hún lék á 74 höggum eða tveimur höggum yfir pari vallarins.

Hún náði sér aftur á móti aftur á strík og gott betur á fjórða og síðasta hringnum. Hún lék lokahringinn á 70 höggum sem er tveimur höggum undir pari vallarins og skilaði sú spilamennska henni í 19. sæti mótsins.

Þetta var átunda mót hennar á mótariðinni á yfirstandandi

keppnistímabili, en hún er í 17. sæti á stigalista mótaraðarinnar eftir frammistöðu helgarinnar. Afar heitt var og rakt á mótstaðunum í Tailandi um helgina, en Valdís Þóra setti færslu á Twitter-síðu sína á föstudagskvöldið þar sem hún sagðist hafa drukkíð 4,5 lítra af vatni á meðan hún lék hringinn þann daginn. Valdís Þóra bætti við að hún hefði ekki þurft að létta af sér á hringnum, svitinn hefði séð um að losa líkamann við vökvann.

Ahugakylfingurinn Guðrún Brá Björgvinsdóttir úr Golfklúbbnum Keili náði svo sínum besta árangri er hún endaði í 19.-26. sæti á Lavaux Ladies mótinu sem er hluti af LET Access mótariðinni. Guðrún Brá lék hringina þrjá á mótinu á samtals tveimur höggum yfir pari vallarins. –hó



Valdís Þóra Jónsdóttir slær inn á teig fyrir á mótariðinni. NORDICPHOTOS/GETTY



Valskonur fagna einu af fjórum mörkum sínum í góðum sigri liðsins gegn FH í sjöundu umferð Pepsi-deildar kvenna í knattspyrnu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þriggja hesta kapphlaup er nú um Íslandsmeistaratitilinn

Þrjú leikir fóru fram í Pepsi-deild kvenna í knattspyrnu í gær. Toppseti deildarinnar skipti um hendur í leikjum gærdagsins. Þrjú lið munu berjast um það að standa uppi sem Íslandsmeistari fram á haustið. Fram undan eru toppslagir í næstu tveimur umferðum deildarinnar þar sem Valur getur komist á toppinn.

FÓTBOLTI Baráttan á toppi Pepsi-deildar kvenna í knattspyrnu er æsispennandi, en útlit er fyrir að baráttan um Íslandsmeistaratitilinn muni standa á milli þriggja liða fram á haustið. Þór/KA sem er ríkjandi Íslandsmeistari hirti toppsætið af Breiðabliki með 2-0 sigri í leik liðanna fyrir norðan í gær.

Sandra María Jessen skoraði bæði mörk Þórs/KA í leiknum, en hún er í baráttu við Elinu Mettu Jensen, framherja Vals, og Berglind Björgu Þorvaldsdóttur, framherja Breiðabliks, um markadrottningatitilinn. Sandra María hefur skorað sjö mörk eftir mörkin sín tvö í leiknum í gær, en Berglind Björg einu marki meira. Þór/KA trónir á toppi deildarinnar með 19 stig þegar sjö umferðir eru búnar af deildinni, en Breiðablik er einu stigi á eftir í öðru sæti deildarinnar.

Elin Metta skoraði sömuleiðis tvö mörk þegar Valur bar sigurorð af FH, 4-2, í leik liðanna í Kaplakrika. Hún Thelma Björk Einarsdóttir og Crystal Thomas komu Val tveimur mörkum yfir áður en Jasmin Erla Ingadóttir minnkaði muninn fyrir FH.

Elin Metta róaði taugar Valsmanna með því að koma liðinu 3-1 yfir, en Hanna Marie Barker jók spennuna á nýjan leik þegar hún kom FH inn í leikinn á nýjan leik með marki þegar rúmlega 20 mínútur voru eftir af leiknum. Elin Metta innsigliði hins vegar sigurinn þegar hún skoraði annað mark sitt undir lok leiksins.

Valur, sem hefur haft betur í síðustu sex leikjum sínum í deild og bikar, hefur 18 stig, en liðið hefur jafn mörk stig og Breiðablik og er sæti ofar vegna hagstæðari marka-



Darraðardans í vitateig FH í leik liðsins gegn Val í gær. Elin Metta Jensen, sem skoraði tvö mark Vals í 4-2 sigri liðsins, reynir hér að koma skoti að mark FH en fellur við þegar hún freistar þess að hitta markið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

tölu. Valur fær svo topplið deildarinnar, Þór/KA, í heimsókn í næsta deildarleik sínum og mætir svo Breiðabliki í toppslag á Kópavogsvelli í umferðinni þar á eftir. Linur gætu því skýrst í toppbaráttunni í næstu tveimur umferðum deildarinnar.

Það eykur svo ánægjuna við sigur-göngu Valskvenna að Dóra María Lárusdóttir hefur jafnað sig á krossbandsslitum og er farin að leika með liðinu að nýju. Dóra María hefur komið inn á sem varamaður

í síðustu tveimur leikjum liðsins og finni hún sitt fyrra form gæti hún skipt sköpum í baráttunni um Íslandsmeistaratitilinn.

Grindavík náði síðan í öflugt stig í fallbaráttu deildarinnar þegar liðið sótti stig til Vestmannaeyja með því að gera 1-1 jafntefli á móti ÍBV. Rio Hardy náði forystunni fyrir Grindavík, en Caroline Van Slambrouck sá til þess að liðin skildu jöfn. Breski framherjinn Hardy, sem gekk til liðs við Grindavík fyrir tímabilið, hefur

reynst liðinu vel, en þetta var fjórða mark hennar í deildinni á yfirstandandi leiktið.

Grindavík hefur sex stig eftir þessi úrslit og er þremur stigum frá fallsæti eins og sakir standa, en KR sem situr í öðru fallsætinu á leik til góða á Suðurnesjarliðið. ÍBV hefur aftur á móti átta stig og vonir liðsins um að blanda sér í toppbaráttuna orðran fjarlæg og liðið mun sogaast í niðru fallbaráttu deildarinnar ef fram heldur sem horfir. - hó

Pepsi-deild kvenna í gær

Þór/KA - Breiðablik 2-0

1-0 Sandra María Jessen (30.), 2-0 Sandra María Jessen (85.)

FH - Valur 2-4

0-1 Thelma Björk Einarsdóttir (17.), 0-2 Crystal Thomas (40.), 1-2 Jasmin Erla Ingadóttir (58.), 1-3 Elin Metta Jensen (67.), 2-3 Hanna Marie Barker (68.), Elin Metta Jensen (89.).

ÍBV - Grindavík 1-1

0-1 Rio Hardy (25.), 1-1 Caroline Van Slambrouck (50.).

Efri	Neðri		
Þór/KA	19	Grindavík	6
Valur	18	Selfoss	5
Breiðablik	18	HK/Víkingur	4
Stjarnan	10	KR	3
ÍBV	8	FH	3



Harry Kane fagnar marki sínu með Jesse Lingard. NORDICPHOTOS/GETTY

Kane orðinn markahæstur með fimm mörk

FÓTBOLTI Harry Kane skoraði þrjú mörk þegar England vann sinn stærsta sigur á störmóti, 6-1, gegn Panama í G-riðli heimsmeistaratótsins í knattspyrnu karla í gær. Kane hefur þar af leiðandi skoraði fimm mörk á mótinu til þessa, en hann skoraði bæði mörk enska liðsins þegar liðið lagði Túnis að velli með tveimur mörkum gegn einu í fyrsta leik sínum í riðlakeppinni.

Hann komst þar með upp fyrir Cristiano Ronaldo, sóknarmann Portúgals, og Romelu Lukaku, framherja Belgíu, sem voru jafnir á toppi listans yfir markahæstu leikmenn mótsins með fjögur mörk fyrir leiki gærdagsins.

Rússinn Denis Cheryshev og Diego Costa, leikmaður Spánar, koma svo næstir á listanum með þrjú mörk hvor. Kane, Lukaku og Cheryshev hafa nú þegar tryggt sér sæti í 16 liða úrslitum mótsins með liðum sínum og geta þar haldið áfram baráttu sinni um markadrottningatitilinn. Ronaldo og Costa berjast svo um að komast upp úr B-riðlinum til þess að geta bætt við mörkum í 16 liða úrslitunum. - hó

Mynd komin á leikmannahóp Stjórnunnar

KÖRFUBOLTI Kvennalið Stjórnunnar í körfubolta samdi í gær við sjö leikmenn, en félagið fékk í sínar herþúfir þrjú nýja leikmenn og samdi við fjóra leikmenn sem leikið hafa með liðinu undanfarið.

Dani Rodríguez verður áfram með Stjórnunni á næstu leiktið. Þá gengu þær Jóhanna Björk Sveinsdóttir, Auður Íris Ólafsdóttir og Sólrun Sæmundsdóttir til liðs við félagið. Aldis Erna Pálsdóttir, Sunna Margrét Eyjólfsson og Jenný Harðardóttir sömdu svo við Stjórnuna um að leika með liðinu á næsta keppnistímabili.

Stjarnan hafnaði í fimmta sæti Domino's-deildarinnar á síðustu leiktið og missti þar af leiðandi af sæti í úrslitakeppni deildarinnar. - hó


TÍMAMÓT

FRÉTTABLAÐIÐ



Merkisatburðir

- 1678** Elena Cornaro Piscopia verður fyrsta konan til að hljóta verðlaun fyrir doktorsritgerð sína í heimspeki þegar hún útskrifaðist frá Háskólanum í Padua í Ítalíu.
- 1741** Hin austurríska og konungborna María Theresa er krýnd drottning Ungverjalands.
- 1848** Mynd sem smeltt er af París eftir byltinguna í Frakklandi árið 1848 er talin vera fyrsta heimild um fréttaljosmyndun.
- 1940** Frakkland viðurkenni ósigur fyrir Þýskalandi í seinni heimsstyrjöldinni kl. 01.35 þennan dag.
- 1947** Dagbók Önnu Frank er gefin út.
- 1950** Kóreustríðið hefst með innrás Norður-Kóreu í Suður-Kóreu.
- 1975** Mósambík fær sjálfstæði frá Portúgal.



- 1978** Regnbogafánanum, sem stendur fyrir hinseginleika, er flaggð í fyrsta sinn í San Francisco Gay Pride göngunni.
- 1991** Króatía og Slóvenía lýsa yfir sjálfstæði sínu í kjölfar þjóðaratkvæðagreiðslu í Jugoslavíu.
- 1993** Kim Campbell verður fyrsti kvenkyns forsætisráðherra Kanada.



†
Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
Kristján H. Þórðarson
Ytra-Krossanesi,
lést fimmtudaginn 21. júní.
Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju
mánudaginn 2. júlí klukkan 13.30.

Guðmundur Kristjánsson **Manevan Yothakong**
Laufey Kristjánsdóttir **Jósep Hallsson**
Ingvar Kristjánsson **Sigurlaug Stefánsdóttir**
Arnar Kristjánsson **Katrin Eiðsdóttir**
Brynjar Kristjánsson **Freydis Gunnarsdóttir**
barnabörn og barna-barnabörn.



†
Okkar ástækera
Guðrún Garðarsdóttir
Langagerði 7, Reykjavík,
lést á hjúkrunarheimilinu Skógargæ
mánudaginn 4. júní. Útför hennar fer
fram frá Bústaðakirkju miðvikudaginn
27. júní kl. 13.00. Sérstakar þakkir til
starfsfólks Skógargæjar fyrir einstaka umönnun og hlýju.

Bjarni Kristinsson
Erlin Guðbjörg Bjarnadóttir **Guðmundur Torfason**
Ásta Bjarnadóttir **Brynjólfur Gunnarsson**
Kristinn Bjarnason **Anna Sigriður Blöndal**
Bjarney Bjarnadóttir **Bjarki Sigurðsson**
barnabörn og barnabarnabörn.



Stórstjarnan Ragnar Bjarnason er einn þeirra fjölmörgu sem túlkað hafa tónsmíðar Bjarna Hafþórs Helgasonar.

Ævistarf á fimm diskum

Bjarni Hafþór Helgason hefur verið kallaður tónskáld í 40 ár. Hann samdi lög sem urðu vinsæl í flutningi hljómsveitarinnar Skriðjökla. Nú gefur Bjarni út 75 lög sín á 5 diskum.

Ég gleymi aldrei þegar ég var í fyrsta skipti kallaður tónskáld. Það var 17. júní árið 1978 við útskrift úr Menntaskólanum á Akureyri í Akureyrarkirkju. Tryggvi Gíslason skólameistari ávarpaði mig sem tónskáld þegar hann kallaði mig upp á svið,“ segir Bjarni Hafþór Helgason sem gaf út í síðasta mánuði stærsta útgáfuverkefni í sögu íslenskrar dægurtónlistar. Plötusafnið Fuglar hugans inniheldur nýjar upptökur og útsendingar á tónlist eftir hann. Samtals er um að ræða 75 lög á 5 diskum.

Bjarni Hafþór segir að það hafi í raun verið eiginkona hans, Ingunn Wernersdóttir, sem stóð upp og sagði að nú þyrfti að gefa þetta út, að það yrði gert almennilega og með öllu tilheyrandi. Það varð síðan raunin. Mörg laga Bjarna Hafþórs eru þekkt en stór hluti laganna hefur ekki komið út áður. Lögín eru samin á heilu æviskeiði, til efni af ýmsum toga og þau því mjög ólík innbyrðis, popplög, ballóður, rokk, barnalög og allt þar á milli. Lögín eru frá árunum 1974-2016 og var 61 lag tekið upp í Lundgaard Studios í Danmörku í maí 2017, eftirvinnsla fór fram á Íslandi og tók eitt ár.

Gríðarleg vinna er á bak við plötuna og er tónlistarfélagið sem kemur að verkefninu samtals um 100 manns. Þar af eru söngvarar á plötunni 21. Útsetningar og stjórn voru í höndum Þóris Úlfarssonar. Bjarni gefur safnið út sjálfur og er það selt í Pennanum Eymundsson og á bensinstöðvum N1 um land allt. Einnig er allt safnið á Spotify og tonlist.is. Metnaðurinn á bak við útgáfu safnsins er mikill og skrifaður voru út nótur fyrir öll lögín af Óskari Einarssyni sem fólk getur hlaðið niður endurgjaldslaust.

Bjarni Hafþór segir að viðbrögðin við plötunni séu frábær enda sé um að ræða fjóra klukkutíma og tuttugu mínútur af tónlist. Svona verkefni er óhemju dýrt og mun ekki borga sig en Bjarni segir það vera forréttindi fyrir sig sem lagasmíð að geta séð þetta allt saman á einum stað. –tg


ÞETTA GERDIST 25. JÚNÍ 1244

Þórður kakali og Kolbeinn ungi börðust á Húnaflóa

Í dag eru 774 ár liðin frá einu sjóorrustu Íslandssögunnar þar sem Íslendingar hafa skipað báðar stríðandi fylkingar. Orrustan var háð á Húnaflóa miðjum milli liðsmanna Þórðar kakala Sighvatssonar, af ætt Sturlunga, og Kolbeins unga Arnórssonar af ætt Ásbirninga.

Á árunum á undan höfðu Ásbirningar náð að leggja undir sig stærstan hluta veldis Sturlunga. Fjögur ár voru liðin frá Örlýgsstaðabardaga og ár frá því að Snorri Sturluson var veginn. Þórður kakali var nýsnúinn heim eftir dvöl í Noregi og hafði náð með skæruernaði að vinna nokkuð til baka.

Flóabardagi er talinn hápunktur átaka Þórðar og Kolbeins. Þórður hafði safnað ríflega 200 manns og fimmtán skipum á Vestfjörðum þegar hann fékk veður af því að von væri á Kolbeini og um 600 manns. Var afríðið að mæta þeim á



Þórður kakali Sighvatsson og hans menn höfðust við á Ströndum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

hafði úti. Sigldi Kolbeinn úr Trékyllisvík á Ströndum og mætti þeim á flóanum. Helstu vopn í bardaganum voru grjóthnullungar og eldibrandar en einnig var reynt að sökkva skipum með því að

sigla á þau. Þegar upp var staðið höfðu á bilinu sjötíu til átíttu Ásbirningar týnt lífi og tókst þeim ekki að ná Þórði og hans liði. Í Sturlunga sögu segir að Þórður hafi misst „fáa eina“ menn.

MÚRBÚÐARVERÐ

Pallaolía, viðarvörn og málning fyrir íslenskar aðstæður



Deka Projekt 10 innimálning,
10 lítrar (stofn A)

6.390



Deka pakmálning 10 lítrar

9.990



Deka Projekt 05 innimálning,
10 lítrar (stofn A)

6.290



DEKAPRO útimálning, 10 lítrar

7.990

Blöndum
DRAUMALITINA
þína!



Oden þekjandi
viðarvörn
1 líter, A stofn

1.790



Landora tréolía
Col-51903 3 l.

1.980

Maston Hammer
Spray 400ml
1.050

Maston
Hammer 750ml
1.995

Maston
Hammer
250ml
995

MARGIR
LITIR



DEKA SÍLAN
vatnsfæla 5 lítrar
8.790 1 líter kr.
1.990

MIKIÐ
ÚRVAL



Bostik filler
spartl 250ml

490

Hágæða múrefni

weber og DEKA



Weberfloor 4150 flotefni
4-30mm 25 kg
2.150



Weberfloor 4160
Hraðþornandi flotefni
2-30mm 25 kg
2.790



Weber Milligróf
mörblanda 25 kg
1.690



Weberfloor 4630
DuroLit iðnaðar & útiflot 25 kg
4.390



Weber REP 980 steingarlím
og filtmúr, grár 25 kg
2.690



Weber Gróf
Mörblanda 25 kg
1.490



Combimix
Staurasteypa 20 kg
860



Deka Hrað
viðgerðarblenda 25 kg
3.640



Deka Fiber trefja-
styrkt mörblanda 25 kg
2.740



Deka Plan 230
hraðþornandi flot 25 kg
1.890



Deka Acryl grunnur
1 kg **760**
5 kg **3.390**

Gott verð fyrir alla, alltaf!

Reykjavík Kletthálsi 7. Opíó virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
Reykjanesbær Fuglavík 18. Opíó virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

MÚRBÚÐIN

Hvað? Hvenær? Hvar? Mánudagur

hvar@frettladid.is

25. JÚNÍ 2018

Tónlist

Hvað? Reykjavík Classics – Great Guitar Solos
Hvenær? 12.30
Hvar? Harpa
Svanur Vilbergsson tekur gítarsólo í hádeginu í Hörpunni.

Hvað? Tónlistarflutningur í Akranesvita
Hvenær? 13.00
Hvar? Akranesvita
Nemendur Tónlistarskóla Akraness sjá um tónlistarflutning í Akranesvitanum.

Hvað? Nordiske historier í Háteigs-
kirkja
Hvenær? 19.00
Hvar? Háteigskirkja
Tromsø Akademiske Kvinnekor er kvinnakór frá Noregi og mun heimsækja Ísland í júní. Á dagskránni eru norræn lög sem fjalla um þrá, kraft, náttúru, gleði og ást. Kórin samanstendur af um 30 konum og tengist hann Háskólanum í Tromsø. Kórstjóri er Bjarne Isaksen.

Hvað? Filharmónían til Flórens
Hvenær? 21.00
Hvar? Langholtskirkja
Í næsta mánuði ætla Söngsveitinn Filharmónía að taka þátt í alþjóðlegu kórahátíðinni í Flórens og langar til að flytja keppnislöginn fyrir vini og velunnara áður en haldið er af landi brott. Því blásu við til tónleika mánudaginn 25. júní kl. 21 í Langholtskirkju. Dagskráin verður fjölbreytt, allt frá „Sicut Cervus“ eftir ítalska endurreisnartónskáldi Palestrina til nýskriðra verka eftir íslensk samtímatónskáld og Bleika pardussins, sem útsettur var fyrir kórin sérstaklega af þessu tilefni. Þá mun hópurinn skipta sér og syngja sem karla- og kvinnakór.



Tónlistin fær að öma í hinum ægifallega Akranesvita í dag.

Magnús Ragnarsson er stjórnandi Söngsveitarinnar Filharmóníu en Sunna Karen Einarsdóttir stjórnar kvinnakórnum. Aðgangur er ókeypis.

Viðburðir

Hvað? Forget-Me-Nots í Gaflaraleikhúsinu
Hvenær? 20.00
Hvar? Gaflaraleikhúsið, Hafnarfirði
Í Gaflaraleikhúsinu í Hafnarfirði sýnir íslensk-breski leikhópurinn Rokkur Friggjar nýtt verk. Verkið heitir Forget-Me-Nots eða Glemm-er-eiar og gerist í Hvalfirðinum árið 1940. Siggí og Gréta ólust upp saman. Þau spiluðu fótbolta saman, þau fóru á böll saman og þegar herinn kom, fóru þau að vinna í bröggunum saman. Svo kom Thomas. Bæði Siggí og Gréta hrifust af myndarlega breska dátanum, en Siggí og Thomas áttu saman leyndarmál sem gæti breytt öllu.

Sýningar

Hvað? Olaf Otto Becker: Ís og land / Ice and Land
Hvenær? 10.00
Hvar? Ljósmyndasafn Reykjavíkur
Ís og land – Ljósmyndir frá Íslandi og Grænlandi 1999-2017 er yfirskrift sýningar í Ljósmyndasafni Reykjavíkur með myndum eftir hinn þekkt þyska ljósmyndara Olaf Otto Becker. Áhrifamiklar og ægifagrar landslagsljósmyndir Olafs Ottos Beckers fjalla um breytingaferli í náttúrunni sem orsakast af loftslagsbreytingum og öðrum áhrifum af mannavöldum. Í verki hans sam-einast persónuleg og listræn nálgun að heimildaljósmýndun sem vekur spurningar um félagslega og menningarlega þætti í samtímanum. Ljósmyndasafn Reykjavíkur er hluti af Borgarsögusafni – eitt safn á fimm frábærum stöðum.

Hvað? Reykjavík 1918, sýning í Aðalstræti 10
Hvenær? 10.00

Hvar? Borgarsögusafnið, Aðalstræti 10
Ljósmyndasýningin Reykjavík 1918 í Aðalstræti 10 er samstarfsverkefni Þjóðminjasafns Íslands og Borgarsögusafns Reykjavíkur í tilefni aldarafmælis fullveldis Íslands og er styrkt af afmælisnefnd viðburðarins. Höfundur texta sýningarinnar er skáldið Sjón og kemst hann svo að orði um viðfangsefni sýningarinnar: „Er maður hugsar til folksins sem lifði árið 1918 þykir manni ótrúlegt að það hafi haft tíma til þess að lifa svokölluðu venjulegu lífi, það hljóti að hafa verið of önnu kafið að takast á við hina sögulegu viðburði til þess að elska, vinna, dreyma og þjást. En líkt og við sjálf – sem einnig þykjast lifa viðburðarika tíma – átti það sér sína daglegu tilveru, í sinni litlu en ört vaxandi Reykjavík, og um það bera ljósmyndirnar á þessari sýningu vitni.“

Hvað? Torfhúsabærinn Reykjavík / A Town of Turf Houses

Hvenær? 10.00
Hvar? Borgarsögusafnið, Aðalstræti 10
Torfhúsabærinn Reykjavík er heiti sýningar Borgarsögusafns í Aðalstræti 10, sem opnuð var 10. maí 2018. Sýningin fjallar um torfhús í Reykjavík frá upphafi landnáms til fyrstu áratuga 20. aldar. Í þúsund ár var Reykjavík torfhúsaborg, svo tók við stutt timburhúsatímabil og í eina öld hefur Reykjavík verið steypuhúsabær. Fornleifarannsóknir undanfarinna áratuga hafa leitt í ljós að þegar um árið 1000 hafði myndast litlið þorp torfhúsa í Reykjavík. Niðurstöður rannsóknanna eru kynntar meðal annars á þrívíddar tölvulíkani sem sýnir torfhúsaborgið. Ljósmyndir sýna yfirbragð bæjarins fram á 3. áratug 20. aldar þegar seinustu tömthúsin voru rífin en langlifast allra torfhúsa í Reykjavík var þó Litla-Brekka við Suðurgötu sem var ekki rífin fyrr en árið 1981. Höfundur sýningarinnar er Hjörleifur Stefánsson arkitekt.

VIÐURKENNDIR ÞJÓNUSTUAÐILAR HEKLU



Verður þú á ferðinni í sumar? Fyrirbyggjandi skoðun á bílnum fyrir sumarið gæti bjargað fríinu. Kynnið ykkur þá þjónustu sem er í boði fyrir hvert merki hjá þeim þjónustuaðila HEKLU sem er næstur þér.

Við erum til staðar fyrir þig!

Bilaverkstæði K.S.
Hesteyri 2
550 Sauðárkróki
455-4570
gunnar.valgardsson@ks.is

Bilaverkstæði SB
á Ísafirði
Sindragötu 3
456-3033
verkstjori@bsb.is

Kletthálsi 9,
110 Reykjavík
568-1090
bilson@bilson.is

HEKLA Reykjanesbæ
Njarðarbraut 13
260 Reykjanesbær
590-5090
fyrirspurn@hekla.is



Laugavegur 170, 105 Reykjavík
590-5030
thjonusta@hekla.is



Þórsstíg 4,
600 Akureyri
461-6060
verk@holdur.is



Bilaverkstæði Austurlands
Miðás 2, 700 Egilsstaðir
470-5070
info@bva.is



Hrísmýri 3
800 Selfossi
482-4012
bvkklettur@selfossi.is

DAGSKRÁ

Mánudagur

STÖÐ 2

07.00 Simpson-fjölskyldan
07.25 Strákarnir
07.50 The Middle
08.10 2 Broke Girls
08.30 Ellen
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 Masterchef USA
10.15 I Own Australia's Best Home
11.05 Jamie & Jimmy's Food Fight Club
11.50 Léttir sprettir
12.15 Grillsumarið mikla
12.35 Nágrannar
13.00 The X-Factor UK
14.40 The X-Factor UK
16.15 Lóa Pind: Snapparar
17.00 Bold and the Beautiful
17.20 Nágrannar
17.45 Ellen
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakinn
19.00 Fréttayfirlit og veður
19.05 Modern Family
19.30 Kevin Can Wait
19.50 Maður er manns gaman
20.15 Grand Designs: Australia
21.05 American Woman
21.30 Westworld Önnur syrpa

Þessara hörkuspennandi þátta úr smíðju J.J. Abrams og Jonathans Nolan sem byggð er á bók Michaels Crichton. Þættirnir gerast í fullorðinsþemagæði sem gengur út á að vélmenni sem líkjast mönnum sinna öllum þörfum gesta garðsins. Í síðustu þáttaröð kom í ljós galli í vélmenninum sem hafði ógnvænlegar afleiðingar og því verður spennandi að sjá hvernig framtíðin verður hjá söguhetjum okkar í þessari nýju og stórbrotnu sögu. Með aðalhlutverk fara Evan Rachel Wood, Ed Harris, James Marsden, Jimmi Simpson, Gustaf Skarsgaard, og Thandie Newton.

23.00 Lucifer
23.45 60 Minutes Vandaður þáttur í virtustu og vinsælustu fréttaskýringaþáttaröð í heimi þar sem reyndustu fréttaskýr- endur Bandaríkjanna fjalla um mikilvægustu málefni líðandi stundar og taka einstök viðtöl við heimsþekkt fólk.

00.30 Timeless
01.15 Succession
02.10 Six Önnur syrpa þessara hörkuspennandi þátta sem byggðir eru á raunverulegum verkefnum sersveitarinnar SEAL Team six sem er þekktur fyrir að hafa uppi á hryðjuverkalæð- toganum Osama bin Laden. Í hverjum þætti fær sersveitin flókin og erfið mál til að leysa úr og sannar það ítrekað að þegar er um líf eða dauða að tefla eru þeir fremstir í sínu fagi. Handritshöf- undur þáttanna, William Broyles Jr. (Apollo 13), fékk dygga aðstoð frá fyrrverandi sersveitarher- mannum David Broyle.

02.55 Wyatt Cenac's Problem Areas
03.25 Knightfall
04.10 Knightfall
04.55 Killer Women with Piers Morgan

STÖÐ 2 SPORT

08.40 Þór/KA - Breiðablik
10.20 Sumarmissan
11.00 Formúla 1: Keppni - Frakk- land
13.20 Þór/KA - Breiðablik
15.00 Sumarmissan
17.50 ÍA - FH
21.00 Sumarmissan
21.40 Stjarnan - ÍBV
23.30 Valur - Breiðablik

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Rádió
 FM 89,5 Retro
 FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan
 FM 93,5 Rás 1
 FM 95,7 FM957

FM 96,3 FM Suðurland
 FM 96,7 Létt Bylgjan
 FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan
 FM 99,4 Útvarp Saga
 FM 100,5 K100

FM 102,9 Lindin



MAÐUR ER MANNS GAMAN

KL. 19:50

Magnús Hlynur heimsækir nokkur sveitarfélög á suðvesturhorninu og finnur mestu gleðigjafa viðkomandi sveitarfélags eða sveitar. Þetta geta verið einstaklingar í alls konar störfum þar sem gleði og útgæslun viðkomandi hrifur alla með sér.



Magnað Mánudagskvöld

Fáðu þér áskrift á stod2.is

GRAND DESIGNS: AUSTRALIA

KL. 20:15

Frábærir þættir þar sem fylgst er með stórkostlegum endurbótum á heimilum þar sem oftan en ekki er einblínt á nútímahönnun.

Ný þáttaröð



Nýtt



AMERICAN WOMAN

KL. 21:05

Þættirnir gerast á mjögum áttunda áratugnum og fjalla um Bonnie sem neyðist til að ala upp dætur sínar tvær á eigin spýtur eftir framhjáld eiginmanns hennar. Glænýr og stórgóðir þættir með Aliciu Silverstone í aðalhlutverki.

WESTWORLD

KL. 21:35

Mannleg vélmenni sjá um að sinna öllum þörfum gesta í fullorðins- skemmtigarði en ógnvænlegur galli hefur komið í ljós.

HBO

Loka þáttur



THE DANISH GIRL

KL. 22:00

Óskarsverðlaunamynd, byggð á sönnunum atburðum, um Lili Elbe sem var ein fyrsta manneskjan í sögunni til að undirgangast kynskipta- aðgerð.

Sönn saga



Allt þetta og meira til á aðeins 9.990 kr.

stod2.is

STÖÐ 3

15.30 Mayday
16.15 Grand Designs
17.05 Seinfeld
17.30 Seinfeld
17.55 Seinfeld
18.20 Seinfeld
18.45 Seinfeld
19.10 The Last Man on Earth
19.35 It's Always Sunny in Philadel-
 delphia
20.00 Grantchester
20.50 Veep
21.20 Game of Thrones
22.15 Better Call Saul
23.05 Famous in Love
23.50 Divorce
00.45 The Last Man on Earth
01.10 Seinfeld
01.35 Tónlist

STÖÐ 2 KRAKKAR

07.00 Strumparnir
07.25 Hvellur keppnisbill
07.37 Ævintýraferðin
07.49 Gulla og grænjaxlarnir
08.00 Stóri og Litli
08.13 Tindur
08.27 Zigby
08.38 Mæja býfluga
08.50 Kormákur
09.00 Könnuðurinn Dóra
09.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
09.47 Doddi litli og Eyrnastór
10.00 Áfram Diego, áfram!
10.24 Svampur Sveinsson
10.49 Lalli
10.55 Rasmus Klumpur
11.00 Strumparnir
11.25 Hvellur keppnisbill
11.37 Ævintýraferðin
11.49 Gulla og grænjaxlarnir
12.00 Stóri og Litli
12.13 Tindur
12.27 Zigby
12.38 Mæja býfluga
12.50 Kormákur
13.00 Könnuðurinn Dóra
13.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
13.47 Doddi litli og Eyrnastór
14.00 Áfram Diego, áfram!
14.24 Svampur Sveinsson
14.49 Lalli
14.55 Rasmus Klumpur
15.00 Strumparnir
15.25 Hvellur keppnisbill
15.37 Ævintýraferðin
15.49 Gulla og grænjaxlarnir
16.00 Stóri og Litli
16.13 Tindur
16.27 Zigby
16.38 Mæja býfluga
16.50 Kormákur
17.00 Könnuðurinn Dóra
17.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
17.47 Doddi litli og Eyrnastór
18.00 Áfram Diego, áfram!
18.24 Svampur Sveinsson
18.49 Lalli
18.55 Rasmus Klumpur
19.00 Pétur og kötturinn Brandur 2

Mörgæsirnar frá Madagaskar, 09.24, 13.24 og 17.24



GOLFSTÖÐIN

08.00 Travelers Championship
13.00 Walmart Championship
15.00 Travelers Championship
20.00 PGA Highlights
20.55 Walmart Championship
22.55 PGA Highlights

STÖÐ 2 BIÓ

12.40 Grandma
14.00 Phil Spector
15.35 Eddie the Eagle Skemmtileg mynd frá 2016 með Taron Egerton og Hugh Jackman í aðalhlutverkum. Myndin er byggð á sönnunum atburðum, fjallar um Michael „Eddie“ Edwards sem var ólíklegur, en hugrakur breskur skíðastökkvari, sem aldrei missti trúna á sjálfan sig – þó svo að þjóð hans hefði enga trú á honum. Með hjálp uppreisnargjarns og heillandi þjálfara vinnur Eddie hug og hjörta íþróttunnenda um allan heim með því að taka þátt í Vetrarólympíuleikunum í Calgary í Kanada árið 1988.
17.20 Grandma
18.40 Phil Spector
20.15 Eddie the Eagle
22.00 The Danish Girl Óskarsverðlaunamynd sem byggð er á sönnunum atburðum. Myndin fjallar um Lili Elbe en hún var ein fyrsta manneskjan í sögunni til að undirgangast kynfæraaðgerð til að breyta kynneinkennum sínum. Í myndinni er rakin breytingarsaga Elbe og hvernig það hafði áhrif á samband hennar við eigin konuna.
00.00 Dying of the Light
01.35 The Guest
03.15 The Danish Girl

RÚV

07.00 KrakkarÚV
09.54 Undraveröld Gúnda
10.06 Tullip
10.10 Dýrabörn
11.00 Basl er búskapur
11.50 HM stofan
11.50 England - Panama
13.50 HM stofan
14.15 HM hetjur - Michel Platini
14.25 HM stofan
14.50 Japan - Senegal
16.50 HM stofan
17.15 Tákn málsfréttir
17.25 HM stofan
17.50 Pólland - Kólumbía
19.50 HM stofan
20.25 Veður
20.30 Fréttir
20.55 Íþróttir
21.10 Veðikofinn
21.35 Sjóræningjarokk
22.20 Kórónan hola - Hinrik VI: Fyrri hluti
00.10 Útvarpsfréttir í dagskrárlök

SJÓNVARP SÍMANS

08.00 Dr. Phil
08.40 The Tonight Show
09.20 The Late Late Show
10.00 Siminn + Spotify
12.00 Everybody Loves Raymond
12.25 King of Queens
12.50 How I Met Your Mother
13.10 Dr. Phil
13.50 Superior Donuts
14.15 Madam Secretary
15.00 Odd Mom Out
15.25 Royal Pains
16.15 Everybody Loves Raymond
16.40 King of Queens
17.05 How I Met Your Mother
17.30 Dr. Phil
18.15 The Tonight Show
19.00 The Late Late Show
19.45 The Good Place
20.10 Million Dollar Listing
21.00 MacGyver
21.50 Blue Bloods
22.35 Valor
23.25 The Tonight Show
00.45 CSI
01.30 This is Us
02.15 Star
03.05 The Orville
03.50 Scream Queens
04.40 Siminn + Spotify


NÓI SÍRÍUS



Tryggðu þér nýju Sírius könnuna

Kauptu tvo pakka af Sírius konsum súkkulaði
og fáðu nýju Nóa Sírius könnuna í kaupbæti.

ORÐA Á
SONYRÚT OG
DORMA SMÁRATÖRGI

Gerðu gott mót
betra með DORMA

ÁFRAM ÍSLAND

Lættu drauminn rættast

Smáratorgi | Holtagöðum | Reyri | Ísafirði



HM-LEIKUR DORMA

Allir sem kaupa stillanlegt rúm í Dorma meðan á HM í Rússlandi stendur* lenda í potti og geta unnið 65" UHD snjallsjónvarp frá Samsung að verðmæti 199.995 kr. Dregið verður 12. júlí og vinningshafinn getur horft á útsílin í nýju sjónvarpi.

*Leikurinn stendur yfir fram yfir undanúrslit.

Þú getur valið um tvennskonar stillanlega botna

Charlotte & Julien
dream your world

Alltaf DORMA verð

C&J stillanleg rúm:

- Inndraganlegur botn
- 2x450 kg lyftimótorar
- Tviðert stál í burðargrind
- Hliðar- og endastopparar
- Hljóðlátur mótur sem ekki þarfnast viðhalds

Perfect T

TILBOÐ
15%
AFSLÁTTUR af Perfect T

Perfect T stillanlegt:

- Þráðlaus fjarstýring
- USB tengi
- Nudd
- LED lýsing
- Tveir hljóðlátir mótur

Dorma býður fjórar tegundir heilsudýna sem sérstaklega eru ætlaðar í stillanleg rúm

SHAPE nú með **30% afslætti** með stillanlegum botni

SHAPE DELUXE nú með **30% afslætti** með stillanlegum botni

INFINITY nú með **20% afslætti** með stillanlegum botni

SIMBA alltaf á **DORMAVERÐI** með stillanlegum botni

Afgreiðslutími Rvk
Mánudaga til föstudaga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-17
Sunnudaga kl. 13-17 (Smáratorgi)
www.dorma.is

Holtagöðum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbrant 1, Akureyri
Skelví 1, Ísafirði

DORMA
Lættu drauminn rættast



Birgir Hákon er algjör stjarna í Breiðholtiinu að sögn leikstjóra myndbandsins og hann ákvað að fanga stemminguna sem því fylgir í myndbandinu.

Súperstjarna Breiðhóltsins með sitt fyrsta lag

Birgir Hákon sendi frá sér sitt fyrsta lag, Sending, fyrir helgi. Loksins, segja sumir sem hafa fylgst með íslensku rappi. Birgir vinnur nú að plötu og á nokkur lög til. Myndbandið er í heimildarmyndastíl og fangar líf Birgis.

Rapparinn Birgir Hákon sendi frá sér lagið og myndbandið Sending á fimmtudaginn síðasta. Lagið og myndbandið hefur vakið töluverða athygli og farið víða – mátti sjá brot úr því Instagram-aðgöngum elítu íslensks rapps og víðar. Glöggr kannast kannski við Birgi Hákon úr myndböndum nokkurra íslenskra rappara, til dæmis Já ég veit myndbandinu með Birni og Herra Hnetusmjöri og fleirum. Jafnvel hafa einhverjir enn gleggri lesendur sem eru með eyrun á götunni heyrft af því að tónlistar væri

**ÞAD ER ALLT
AD VERÐA
VITLAUST SKO. FÓLK
ER AD FÍLA ÞETTA.**

að vænta frá Birgi, jafnvel séð hann taka lagið á Prikinu. Hvort sem það er, þá er hann allavegana búinn að senda frá sér sitt fyrsta lag.

„Ég er búinn að vera að fíkta við það að rappa síðan ég var svona ellefu ára gamall, eða að skrifa texta allavegana,“ segir Birgir en hann hefur verið að vinna tónlist í svolitinn tíma með pródúsernum BnGrbOy, en hann hefur unnið með mörgum af stærstu röppurum landsins, til að mynda GKR, en Birgir hefur líka verið að gera rapp með Tiny.

„Ég er með einhver fimm til tíu lög til, ókláruð. Ég er ekki alveg viss hvernær þetta fær að heyrast – ég er samt að vinna í þessu eins og ég get og ætla svo að sjá til með það. Eg stefni á plötu bráðlega og það kemur líklegast eitthvað út á meðan.“

Aðspurður út í það hvernig viðbrögðin við laginu hafi verið segir Birgir að þau hafi verið mjög góð.

„Það er allt að verða vitlaust sko. Fólk er að fíla þetta.“
Birgir Hákon spilaði á Solstice-

hátíðinni nú um helgina en hann segist ekki vera með neitt planað í framhaldiinu annað en að einbeita sér að plötunni sinni og gera meiri tónlist.

Ghetto Superstar

„Birgir er uppalinn í 111 og er í raun súperstjarna í Breiðholtiinu. Allir þekja hann. „Ghetto superstar“ með sanni. Svo það kom ekkert annað til greina en að taka upp mest af vídeóinu þar. Allar senur í því eru bara spuni og við fórum ekki eftir hefðbundnar leiðir í gerð svona myndbanda. Venjulegur tókudagur var þannig að hann pikkaði mig upp og svo tókum við einhverjar rispur í upptökum, smá spuni og alveg „random“. Meira að „observa“ hans lífsstíl en að gera einhvern gervi-urleika með handriti. Svo vídeóið er í heimildarmyndastíl ef hægt er að segja það og þannig sker það sig úr nánast öllu sem er verið að vinna með í hefðbundnum tónlistarmyndböndum,“ segir Þórsteinn Sigurðsson eða Xdeathrow, leikstjóri myndbandsins við Sending, en eins og hann segir frá sókkti hann sér að segja má niður í líf Birgis til að ná fram réttu stemmingu í myndbandinu sem gerist að stórum hluta í Breiðholtiinu.

Ásamt Þórsteini komu þau Sigurður Ýmir og Eyrún Helga að myndbandinu – Sigurður gerði grafík og Eyrún klippti herlegheitin. stefanthor@frettabladiid.is

TÓNLEIKUR KYNNIR

DAVID CROSBY & FRIENDS

SKY TRAILS TOUR 2018



HÁSKÓLABÍÓ
23. ÁGÚST

MIÐASALA HEFST 27. JÚNÍ Á TIX.IS

www.DAVIDCROSBY.com

FRÉTTABLAÐIÐ

Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð 512 5800

Ritstjórn 512 5801 ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild 512 5401 auglysingar@frettabladid.is

Prentun Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VIÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.

FRÉTTABLAÐIÐ
Hetjur

FRÉTTABLAÐIÐ
mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing

Dreifing dreifing@postdreifing.is
Ef blaðið berst ekki 800 1177

BAKÞANKAR

Guðmundar
Brynjólfssonar



HM

Ég var farinn að óttast að ég næði ekkert að skrifa um heimsmeistarakeppnina í fótbolta hér í Bakþönkum; íslenska liðið virtist á heimleið jafnvel áður en riðlakeppni var lokið. Ekki vegna eigin frammistöðu heldur vegna utanaðkomandi aðstæðna.

Þar ber helst að nefna hitastig, myflugur, Mið-Ísland, og Instagram. Það eina sem maður batt vonir við að gæfi leikmönnum ró var það að ríkisstjórnin var heima í fýlu. En þá fregnaði maður að Dagur Bjé væri á leiðinni út og „þá hvarf sú von“-eins og segir í gamla dægurlaginu.

En svo sluppu menn undan mývargnum (sem ég reyndar held að hafi verið maðkafluga fylgjandi íslenskættuðu nesti Nigeríumanna) og hitanum. Mið-Ísland fór heim og Instagram sprakk. Ríkisstjórnin var áfram í fýlu og hélt forsetanum í pestargíslingu. Þá var eina vandamálið Dagur Bjé – en hann er nú ekki stórt númer svo þetta hlaut að blessast.

Og nú er svo komið að við getum látið okkur hlakka til næsta leiks. Hann er annað kvöld gegn hinum sísvindlandi Króötum. Hnenni andstæðingar þeirra í leik eru Króatar yfirleitt svo staðfastlega stórslasaðir eftir, að um líf og dauða er að tefla þegar þeir eru bornir helsærðir af velli. Tafir þeirra mælast í klukkustundum en ekki sekúndum og þeir mótmæla ekki bara við hvert brot heldur einnig við hvert innkast og við hvert handaband fyrir leik.

Svartsýnn? Aldeilis ekki, nú er nefnilega komið að því að Króatar munu sjá sér hag í því að spara sig gegn Íslendingum – og sjái þeir sér hag í einhverju þá svindla þeir sér að settu marki. Þeir munu hvíla lykilmenn, passa upp á að fá ekki spjöld og jafnvel leggja eitthvað undir á bak við tjöldin.

Sumir spá. Ekki ég, hér er full-vissa: Ísland 3 Króatía 1.



Opið allan
sólárhringinn
í öllum verslunum

Iceland

Jói Fel

BAKARÍ



VEISLUÞJÓNUSTA

Sjá úrval veislubakka
á www.joifel.is



STÓR ÚTSALAN ER HAFIN

30-60% AFSLÁTTUR

KOMDU
NÚNA!

ROYAL LAYLA 30% AFSL

Hágæða millistíft fimmsvæða skipt heilsurúm með áföstum 10cm mjúkum topp, millistífu pokagormakerfi, stífum kanti ásamt botni og fótum.



140x200 cm

ÚTSÖLUVERÐ
108.664 kr.

9.777 kr. *á mánuði
með kreditkortaláni.

FULLT VERÐ 155.233 kr.



160x200 cm

ÚTSÖLUVERÐ
130.415 kr.

11.653 kr. *á mánuði
með kreditkortaláni.

FULLT VERÐ 186.306 kr.



180x200 cm

ÚTSÖLUVERÐ
157.509 kr.

13.990 kr. *á mánuði
með kreditkortaláni.

FULLT VERÐ 225.013 kr.

ÓTRÚLEG
TILBOÐ

FYRSTA GREIÐSLA Í OKTÓBER.

*12 mánaða vaxtalaus kreditkortalán**. Einnig hægt að greiða með Netgíró.

rekkjan
HEILSURÚM

Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík | 588-1955

rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is

**Mikilvæðing 12 mánaða vaxtalaus kreditkortalán með 3,95% árlínggjöld og 0,05% greiðslugjöld